



## UPPBYGGING ALÞJÓÐAGEIRANS Á ÍSLANDI

VIÐSKIPTAÞING 2014  
12. FEBRÚAR | HILTON REYKJAVÍK NORDICA



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

## **Viðskiptaþing 2014 – Open for business? Uppbygging alþjóðageirans á Íslandi**

### **Ritstjórn**

Frosti Ólafsson

Haraldur I. Birgisson

Leifur Þorbergsson

Viðar Ingason

### **Umsjón með útgáfu**

Ásthildur Gunnarsdóttir

**ISBN** 978-9935-9135-1-7

**Prentun:** Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2014. Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis Viðskiptaráðs Íslands en vinsamlega getið heimildar.

Rafræna útgáfu af þessari skýrslu má nálgast á vef Viðskiptaráðs: [www.vi.is](http://www.vi.is)

*Published by the Iceland Chamber of Commerce: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)*

---

### **Um Viðskiptaráð Íslands**

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Allir sem stunda rekstur, hvort sem er í smáum eða stórum stíl, geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur atvinnulífsins til þess að vinna að hvers konar framförum að bættu starfsumhverfi og aukinni velmegun.

### **Viðskiptaráð Íslands**

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Sími: 510 7100

Netfang: [mottaka@vi.is](mailto:mottaka@vi.is)

Vefsíða: [www.vi.is](http://www.vi.is)

# Formáli – Hversu opið á Ísland að vera fyrir alþjóðlegum viðskiptum?

Spurningin „Hversu opið á Ísland að vera fyrir alþjóðlegum viðskiptum?“ er ein sú mikilvægasta fyrir efnahagslega framvindu næstu áratuga.

Undirstöðu þeirra lífskjarabóta sem hafa átt sér stað á Íslandi undanfarna öld má einkum finna í auknu frelsi í viðskiptum með vörur, fjármagn og þjónustu. Vaxandi tengsl við alþjóðlega markaði hafa gert okkur kleift skapa sérhæfingu á ýmsum sviðum og auka verðmæti innlendrar framleiðslu svo um munar. Í raun er óhætt að segja að utanríkisviðskipti og alþjóðavæðing hafi gjörbreytt öllum sviðum samfélagsins. Með þetta í huga kemur ekki á óvart að opnun hagkerfisins og aukið viðskiptafrelsi hafi verið hornsteinar í málefnastrafi Viðskiptaráðs allt frá stofnun þess 1917.

Efling alþjóðageirans á Íslandi er viðfangsefni Viðskiptaþings 2014. Í þessi samhengi er ekki eingöngu vísað til efnahagslega ávinnings heldur einnig samfélagsmyndar framtíðarinnar. Fjölbreytt atvinnutækifæri, breitt vöru- og þjónustuúrval og menningarleg tengsl við umheiminn eru allt þættir sem gera Ísland að ákjósanlegri stað fyrir ungt fólk að byggja líf sitt.



Hreggviður Jónsson  
Stjórnarformaður  
Viðskiptaráðs Íslands



Frosti Ólafsson  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs Íslands

## Alþjóðageirinn hefur snertifleti í öllum geirum hagkerfisins

Í þessu upplýsingariti er fjallað um hlutverk alþjóðageirans í íslensku hagkerfi og þær meginforsendur sem styðja við eflingu hans. Kjarni ritsins eru fjórar dæmisögur af ólíkum alþjóðlegum fyrirtækjum og þau tækifæri og áskoranir sem íslenskt efnahagsumhverfi skapar þeim. Það er von okkar að með auðlesnum og aðgengilegum dæmisögum af þessu tagi sé hægt að auka almennan skilning á rekstrarumhverfi alþjóðageirans.


Alþjóðageirinn hefur snertifleti í öllu hagkerfinu. Til að innlend fyrirtæki geti keppt á erlendum mörkuðum þarf rekstrarumhverfi að vera alþjóðlega samkeppnishæft. Efnahagslegur stöðugleiki, aðgengi að fjármagni, uppbygging mannaúts og nýsköpunar, skattaumhverfi, regluverk og aðgengi að mörkuðum ráða þar för. Eins og listinn ber með sér styðja umbætur sem miða að eflingu alþjóðageirans við alla geira samfélagsins.

## Tökum breytingum fagnandi og nýtum tækifærin

Tækifærin eru sannarlega til staðar. Menntun og rannsóknarstarf hefur eflst mikið undanfarna áratugi, innviðir samfélagsins eru sterkir, smæð landsins býður upp á sveigjanleika og snerpu og landfræðileg lega landsins býður upp á sterk tengsl við ólíka markaði. En áskoranirnar eru að sama skapi umtalsverðar. Þar vegur þyngst staða gjaldmiðilsins, en haftaumhverfi er verulegur þrándur í götu alþjóðlegrar starfsemi. Í þessu upplýsingariti eru tekin saman fjölmörg dæmi um hvernig gjaldeyrishöft höggva skarð í starfsemi alþjóðlegra fyrirtækja og getu hagkerfisins til langtíma verðmætasköpunar.

Á endanum er það þó viðhorf sem skiptir mestu. Vilja Íslendingar byggja upp alþjóðlegt atvinnulíf með þeim óumflýjanlegu breytingum sem því fylgir? Samkeppnin er harðari, krafan um þekkingu á alþjóðahagkerfinu eykst og stjórnsýsla þarf að taka mið af flóknara umhverfi. Ávinningurinn er þó slíkur að þessum breytingum ætti að taka fagnandi, enda grundvöllur bættra lífskjara í landinu. Það er því von Viðskiptaráðs að Íslendingar stefni að því að landið verði eins opið fyrir alþjóðlegum viðskiptum og frekast er unnt.

# Umfjöllun Viðskiptaþings 2014 um tækifæri og áskoranir innan alþjóðageirans kemur í framhaldi af vinnu síðustu ára við mótun framtíðarefnahagsstefnu



# Opnun íslenska hagkerfisins fyrir alþjóðlegum viðskiptum hefur jafnframt verið tryggjastykki í starfsemi Viðskiptaráðs um árabíl

## Hlutverk og stefna Viðskiptaráðs



### VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

- Hlutverk og stefna Viðskiptaráðs eru skilgreind í lögum ráðsins. Þar er lögð rík áhersla á viðskiptafrelsi og mikilvægi utanríkisviðskipta
- Í lögnum segir m.a. að ráðið skuli „Vinna að auknum viðskiptatengslum milli Íslands og annarra ríkja, veita erlendum aðilum upplýsingar og vera fulltrúi íslensks viðskiptalífs gagnvart erlendum aðilum á starfssviði sínu.“

## Starfsemi millilandaráða



- Innan vébanda Viðskiptaráðs starfa 12 millilandaráð með um 850 aðildar-fyrirtæki. Ráðunum er ætlað að efla tengsl íslenskra og erlendra fyrirtækja ásamt því að stuðla að aukinni alþjóðavæðingu í íslensku atvinnulífi
- Nýjustu millilandaráðin eru Grænlensk-íslenska Viðskiptaráðið og Færeysk-íslenska Viðskiptaráðið sem stofnuð voru 2012

## Alþjóðlegt samstarf



- Landsnefnd Alþjóðaviðskiptaráðsins var stofnuð árið 1983 og er hlutverk hennar einkum að fylgjast með straumum og stefnum í alþjóðlegu viðskiptalífi sem varðað geta íslenskt atvinnulíf. Innan vébanda ICC eru um 8.000 fyrirtæki í yfir 140 löndum
- Viðskiptaráð er á meðal stofnaðila Norðurslóða-viðskiptaráðsins sem ætlað er að efla og viðhalda viðskiptatengslum milli Íslands og annarra norðurslóðaríkja

# Viðskiptaráð færir þátttakendum vinnuhópa og öðrum sem aðstoðuðu við efnisvinnu viðskiptaþingsins bestu þakkir fyrir sitt framlag

## Fjórir vinnuhópar aðstoðuðu Viðskiptaráð við undirbúning þessa efnis...

### **Sprotafyrirtæki**

Kristján Kristjánsson, *Klak-Innovit*  
Einar Guðmundsson, *Arion banki*  
Garðar Stefánsson, *Norður Salt*  
Haukur Guðjónsson, *Búngaló*  
Helgi Hermannsson, *Gangverk*  
María Rúnarsdóttir,  
*Mint Solutions*  
Helga Valfells, *Nýsköpunarsjóður*  
Þórunn Jónsdóttir, *Skema*

### **Stærri íslensk alþjóðafyrirtæki**

Sveinn Sölvason, *Össur*  
Ingólfur Örn Guðmundsson,  
*Marel*  
Gestur Þórisson, *Promens*  
Halldór Benjamín Þorbergsson,  
*Icelandair Group*  
Sophie Froment, *CCP*

### **Vaxtarfyrirtæki**

Vilborg Einarsdóttir, *Mentor*  
Georg Lúðvíksson, *Meniga*  
Gísli Hjálmtýsson, *Thule Invest*  
Jón Björnsson, *Orf líftækni*  
Pétur M. Halldórsson,  
*NOX Medical*  
Rakel Sveinsdóttir, *SPYR*  
Örn Valdimarsson, *Eyrir Invest*

### **Innlend starfsemi alþjóðlegra stórfyrirtækja**

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,  
*Actavis*  
Jón Karl Ólafsson, *Primera Air*  
Ragnar Guðmundsson, *Norðurál*  
Svafa Grönfeldt, *Alvogen*  
Vilhjálmur Þorsteinsson, *Extrada*  
Þórður Hilmarsson, *Íslandsstofa*

## ...auk fjölda sérfræðinga á ólíkum sviðum

- Andri Guðmundsson, HF Verðbréf
- Davíð Lúðvíksson, Samtök iðnaðarins
- Guðbjörg Andrea, Félagsvísindastofnun
- Hlökkver Bergmundsson, LÍN
- Jón Diðrik Jónsson, Draupnir
- Svandís Nína Jónsdóttir, Rannís
- Sigurður Ingi Árnason, Háskóli Íslands
- Ragnar Örn Kormásson, Innovit
- Þórdís Bjarnadóttir, Advel Iögmansstofa
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Seðlabankinn, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, Fjármálaráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, LÍN, KPMG, Deloitte o.fl.



- 1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans**
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur

# Undir alþjóðageirann fellur öll sú starfsemi sem er ekki bundin við heimamarkað, samkeppnisvernd eða takmarkaðar náttúruauðlindir

## Alþjóðageirinn



### 1 Markaður er alþjóðlegur

- Ýmiss konar vörur og þjónusta er ekki hægt að selja utan heimalands
- Þannig geta landfræðilegir, menningarlegir, líffræðilegir og stjórnmálalegir þættir komið í veg fyrir að markaður sé alþjóðlegur



### 2 Starfsemi er ekki varin samkeppni

- Vara eða þjónusta sem er varin fyrir samkeppni með viðskiptahindrunum og/eða ósjálfbærum styrkveitingum er ekki alþjóðlega samkeppnishæf og því ekki hluti alþjóðageirans




### 3 Byggir ekki á takmörkuðum náttúruauðlindum

- Stærsti hluti íslensks útflutnings byggir á takmörkuðum innlendum náttúruauðlindum
- Ef starfsemi er ekki bundin við aðgengi að auðlindum geta fyrirtæki flutt úr landi





# Þær vörur og þjónusta sem mynda grundvöll starfsemi alþjóðageirans geta sprottið úr hvaða hluta hagkerfisins sem er



- 1) Hugmynd að nýrri vöru, þjónustu eða viðskiptalíkani getur orðið til hvar sem er innan hagkerfisins
- 2) Í mörgum tilfellum er viðkomandi viðskiptahugmynd þróuð frekar og beint að innlendum markaði á fyrstu stigum
- 3) Þegar vara eða þjónusta er talin tilbúin fyrir markaði utan Íslands verður hún hluti af alþjóðageiranum, að því gefnu að hún standi ekki frammi fyrir vaxtarskorðum vegna aðgengis að náttúruauðlindum

# Fyrirtæki innan alþjóðageirans eru því af ýmsum stærðum og gerðum\*

## Fyrirtæki sem starfa að mestu leyti á alþjóðlegum mörkuðum



## Innlend fyrirtæki að hluta á alþjóðlegum mörkuðum




## Innlend starfsemi alþjóðlegra fyrirtækja



# Alþjóðageirinn þjónar lykilhlutverki ef tryggja á forsendur fyrir sjálfbærum, sterkum langtímahagvexti...

## Sterkur vöxtur útflutnings eflir trúverðugleika hagkerfisins




- Í skýrslu McKinsey & Company var bent á þann **trúverðugleikavanda** sem viðvarandi viðskiptahalli í gegnum efnahags sögu Íslands hefur skapað hagkerfinu
- Að sama skapi var undirstrikuð sú staðreynd að **jákvæður viðskiptajöfnuður** væri grunnforsenda afnáms gjalddeyrishafta
- Með þetta í huga er **sterkur vöxtur útflutnings** lykilforsenda þess að efla trúverðugleika og skapa forsendur til sjálfbærs vaxtar

## Alþjóðageirinn þarf að standa undir stóruknu hlutfalli útflutnings

### Spá um útflutningsþörf miðað við 3,5% hagvöxt til 2030

Þúsundir ma.kr




- Í dag stendur **auðlindageirinn** undir nálægt 80% af útflutningi
- Vegna takmarkaðra náttúruauðlinda standa helstu atvinnugreinar auðlindageirans frammi fyrir **vaxtarskorðum** í náninni framtíð
- Breikkun útflutnings og **hröð uppbygging alþjóðageirans** er því lykilþáttur að sjálfbærri aukningu verðmætasköpunar og bættum lífsskilyrðum til lengri tíma

... og samanburður við önnur hagkerfi bendir til þess að talsvert svigrúm ætti að vera fyrir hendi til að efla hlutdeild alþjóðageirans

### Alþjóðageirinn er hlutfallslega smár á Íslandi

#### Hlutfall alþjóðageira af heildarvirðisauka

Prósent, 2009




- Alþjóðageirinn stendur einungis undir um **12% af heildarvirðisauka** íslenska hagkerfisins samanborið við 22% í því sænska
- Miðað við áætlanir verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld þyrfti þetta hlutfall að **hækka í um 18% af heildarvirðisauka** til að standa undir markmiði vettvangsins um 3,5% árlegan hagvöxt til ársins 2030

### Íslenska hagkerfið er tiltölulega lokað miðað við smæð þess

#### Opnanleiki (utanríkisviðskipti/VLF)

2010, fast verðlag, lograskali

■ Íbúafjöldi < 3 milljónir



- Íslenska hagkerfið er tiltölulega **lokað samanborið við aðrar fámennar þjóðir** (á mælikvarðann utanríkisviðskipti/VLF)
- Landfræðileg lega landsins spilar vafalaust hlutverk í þessu samhengi en með betri tengingum og auknum alþjóðlegum þjónustuviðskiptum dregur úr þeim vanda
- Efling alþjóðageirans skapar **grundvöll fyrir auknum opnanleika**

# Samkeppnishæfur alþjóðageiri skilar margs konar efnahagslegum ávinningi fyrir heimili og fyrirtæki í landinu...

## Tækifæri til vaxtar

### Heildar ársvelta



Íslenska  
hagkerfið\*



~30 ma. USD



Smáforrit  
í farsíma



~30 ma. USD



~1.000 ma. USD


### Lyfjafyrirtæki

- Íslenskur markaðar er afar **smár í alþjóðlegum samanburði** og því takmörkuð tækifæri til vaxtar innanlands
- Heimsvelta afmarkaðra markaða getur verið **mörgum sinnum meiri** en samanlögð heildarvelta íslenskra fyrirtækja
- Alþjóðlegir markaðir bjóða því upp á **nær óþrjótandi tækifæri til vaxtar**

## Verðmæt störf

### Meðalárslaun starfsmanna

Þúsundir króna, 2012



- Fjölmargar rannsóknir renna stoðum undir þá kenningu að **framleiðni er almennt hærri** meðal útflutningsfyrirtækja og geta þeirra til að **greiða há laun** að sama skapi meiri
- Þegar horft er á laun eftir atvinnugreinum á Íslandi sést að meðallaun stórra fyrirtækja innan alþjóðageirans eru **talsvert yfir meðallaunum** í landinu

## Ný þekking og sérhæfing



- Reynslan hefur sýnt að Ísland er í góðri stöðu til að byggja ofan á þá **þekkingu og sérhæfingu** sem hér hefur þegar myndast
- Þátttaka á alþjóðamörkuðum gerir innlend fyrirtæki sterkari og samkeppnishæfari í gegnum **samkeppni og samstarf** við erlenda aðila


# ...og er ekki síður mikilvægur til að skapa sambærileg tækifæri fyrir ungt fólk og bjóðast annars staðar

## Neikvæð teikn eru á lofti varðandi brottflutning ungs fólks

### Hlutfall einstaklinga sem hafa íhugað að flytja erlendis á undanförunum mánuðum

Prósent

■ Hefur ekki íhugað brottflutning  
■ Hefur íhugað brottflutning



- Um **50% fólks á aldrinum 18-49 ára** hafa íhugað að flytja erlendis á undanförunum mánuðum
- Hlutfallið er **hæst á meðal þeirra sem þéna mest og minnst**, þ.e. yfir 800 þúsund á mánuði eða undir 250 þúsund á mánuði
- Það er ljóst að umfangsmikill brottflutningur fólks getur haft afar **neikvæð áhrif** á aldurssamsetningu þjóðarinnar og aðgengi að fólki með sérfræðimenntun

## Uppbygging alþjóðageirans skapar aukin tækifæri og lífsgæði



### Fjölbreytt störf

- ✓ Fyrirtæki alþjóðageirans bæta við þá **flóru starfa** sem bjóðast á Íslandi
- ✓ Ungt, vel menntað fólk sækist gjarnan eftir því að **starfa í alþjóðlegu umhverfi**



### Nýsköpun

- ✓ Uppbygging þekkingar og tengsla í kringum alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki hérlendis hefur **skapað tækifæri fyrir ný fyrirtæki** á tengdum sviðum




### Vörur og þjónusta

- ✓ Gott aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum **eykur vöru- og þjónustuúrval** með tilheyrandi aukningu lífsgæða
- ✓ Auknar tengingar, s.s. **tíðari flugsamgöngur og betri gagnaflutningar** bæta ekki eingöngu rekstrarskilyrði hérlendis heldur einnig lífsgæði

# Uppbygging alþjóðageirans hefur skapað forsendur fyrir sterkum hagvexti og bættum lífskjörum í ýmsum þróuðum ríkjum (Svíþjóð 1993-2012)

## Mismunur á hagvexti í Evrópu og Svíþjóð eftir geirum

Prósent á ári, 1993-2006




- Sænska hagkerfið fór í gegnum sína **verstu efnahagskreppu um margra áratuga skeið** í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar
- Stjórnvöld mættu þessum áskorunum með ýmsum sértækum aðgerðum auk þess sem lagst var í **umtalsverðar kerfislægar breytingar** sem miðuðu að því að auka alþjóðlega **samkeppnishæfni hagkerfisins**
- Á undanförunum tveimur áratugum hefur Svíþjóð náð gríðarlegum efnahagslegum árangri, sem hefur að stærstu leyti verið **drifinn af eflingu alþjóðageirans**
  - Árlegur hagvöxtur á mann hefur verið 0,6% hærrí en meðaltal OECD
  - Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um helming sem hlutfall af VLF
  - Meðalverðbólga var aðeins 1,4% yfir tímabilið

# Uppbygging alþjóðageirans hefur skapað forsendur fyrir sterkum hagvexti og bættum lífskjörum í ýmsum þróuðum ríkjum (Singapúr 1970-2010)

1970 - 1990	1990 - 2000	2000 - 2010
<ul style="list-style-type: none"> <li>Singapúr þróar útflutning sinn frá mannaflsfrekum iðnaði í þekkingarháðan hátækniiðnað</li> <li>Skattalegar ívilnanir og uppbygging vísindagarða styðja við þessa þróun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hátækniiðnaðurinn smitar út frá sér og klasaáhrifa gætir þegar margs konar tengd þjónustustarfsemi sprettur upp</li> <li>Fjölbreytni í atvinnulífinu eykst samhlíða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Singapúr leggur aukna áherslu á nýsköpun á rannsóknar og þróunarstarfi með því að koma á fót einhverjum umsvifamestu skattaívilnunum fyrir slíka starfsemi sem þekkjast.</li> </ul>

## Þróun landsframleiðslu á mann í Singapúr (PPP) og OECD

USD á verðlagi 2005



- Singapúr er lítið borgríki sem býr ekki yfir neinum náttúruauðlindum.
- Leið þeirra frá fátækt til allsnægta hefur verið í gegnum uppbyggingu alþjóðageirans.
- Þrátt fyrir að stjórnkerfi þeirra hugnist ekki mörgum vesturlandabúum þá er hægt að læra margt af stórtækum efnahagsumbótum þeirra á síðustu áratugum.
- Árangur þeirra sýnir að hagkerfi sem skapa alþjóðageiranum rétt umhverfi geta vaxið hratt, jafnvel eftir að meðaltekjur verða háar.



# Líkt og Íslendingar hafa kynnst er þó mikilvægt að uppbygging hans sé byggð á sjálfbærum grunni til að ávinningurinn sé varanlegur

## Alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja skilaði ýmiss konar ábata...

### Helstu breytingar 1995-2007

#### Samsetning fyrirtækja

- + Fjöldi alþjóðlega samkeppnishæfra rekstrarfyrirtækja byggðist upp
- ÷ Fjárfestingar- og fjármálafyrirtæki voru fyrirferðarmikil

#### Starfstækifæri

- + Fjöldi vel launaðra starfa í alþjóðlegu starfsumhverfi jókst verulega
- ÷ Rekstrarfyrirtækin urðu undir í samkeppni við bankana um hæft starfsfólk

#### Skatttekjur


- + Skatttekjur jukust verulega vegna alþjóðlegra umsvifa íslenskra fyrirtækja
- ÷ Aukið hlutfall skattstofna varð kvikult og skatttekjur því sveiflukenndari

#### Aðgengi að vörum og þjónustu

- + Aukin tengsl við erlenda markaði hafa skilað sér í stórauðni aðgengi að vörum og þjónustu
- + Alþjóðleg samkeppni hefur gert innlend fyrirtæki skilvirkari

## ...en byggði í mörgum tilfellum á ósjálfbærri skuldsetningu

### Þróun heildareigna innlánsstofnana



- Hrun bankakerfisins skapaði **tortryggni gagnvart sókn íslenskra fyrirtækja** á erlenda markaði
- Í því samhengi er mikilvægt að gera greinarmun á því hvort **drifkraftur þeirrar sóknar** sé aðgengi að ódýru lánsfé eða alþjóðleg samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækis
- Fullyrða má að alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja **sé af hinu góða**, að því gefnu að hún eigi sér stað á réttum forsendum



1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
- 2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi**
3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur

# Til að grundvöllur sé fyrir sterkum alþjóðageira þurfa hagkerfi að vera samkeppnishæf og sveigjanleg á ýmsum sviðum

## Sterkur og samkeppnishæfur alþjóðageiri

### Aðgengi að vinnuafli

- Kostnaður og gæði vinnuaflds eru samkeppnishæf
- Mennta- og rannsóknarstarf mætir þörfum nemenda og atvinnulífsins
- Vinnumarkaður aðlagar sig hratt og vel að breytingum
- Aðgengi að erlendu vinnuafli er gott

### Aðgengi að fjármagni

- Fjármagn er til staðar fyrir ólíkar tegundir fyrirtækja og í ólíkum gjaldmiðlum
- Fjármagnskjör eru alþjóðlega samkeppnishæf
- Fjárfestum í smærri fyrirtækjum fylgja þekking og tengsl

### Regluverk og skattar

- Regluverk og stjórnsýsla er í samræmi við það sem gengur og gerist í vestrænum ríkjum
- Skattaumhverfi hvetur til verðmætasköpunar, eflir rannsóknir og nýsköpun og dregur að fjárfestingar

### Aðgengi að mörkuðum

- Innviðir til flutninga á fólki, vörum, þjónustu og gögnum stendur alþjóðlegri starfsemi ekki fyrir þrifum
- Milliríkjasamningar opna fyrirtækjum leiðir að erlendum mörkuðum

### Viðhorf og stöðugleiki

- Viðhorf stjórnvalda og samfélagsins eru undirstaða þess að grundvöllur sé fyrir alþjóðlegri starfsemi á Íslandi
- Efnahagslegur og pólitískur stöðugleiki spila veigamikinn þátt í velgengni fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni

# Jákvætt viðhorf og vilji til að skapa alþjóðlega samkeppnishæft rekstrarumhverfi eru nauðsynlegar forsendur uppbyggingar

## 1 Er skilningur til staðar?



- Opnun markaða og aukin utanríkisviðskipti kalla fram ýmsar **efnahagslegar og samfélagslegar breytingar**
- Til að stuðla að upplýstri afstöðu samfélagsins er mikilvægt að **efla skilning** á viðfangsefninu
- Það er **sameiginlegt verkefni** stjórnvalda, atvinnulífs, fjölmiðla og fræðasamfélags að vinna að auknum skilningi

## 2 Er vilji til staðar?



- Jafnvel þótt efnahagslegur ávinningur felist í aukinni alþjóðlegri starfsemi geta **önnur sjónarmið** ráðið för
  - Stjórnmalaleg
  - Menningarleg
  - Félagleg
- Í þeim samfélögum sem hafa náð hvað mestum árangri **ríkir breið sátt** um mikilvægi uppbyggingar alþjóðageirans


## 3 Er getan til staðar?



- Ef sterkur skilningur og vilji eru til staðar geta stjórnvöld og samfélagið einbeitt sér að þeim **umbótum sem nauðsynlegar eru** til eflingar alþjóðageirans
- Uppbygging alþjóðlega samkeppnishæfs rekstrarumhverfis er langtímaverkefni og krefst samræmdra efnahagsaðgerða og **sterkrar framtíðarsýnar**


# Þjóðir sem hafa náð hvað bestum árangri við uppbyggingu alþjóðageirans eiga það sameiginlegt að búa við efnahagslegan stöðugleika

## Raugengi (breyting)




- Sveiflur í raugengi hafa mikil áhrif á rekstrarstöðugleika útflutningsfyrirtækja.
- Miklar sveiflur leiða til flóknari ákvörðunar-töku og aukinnar óvissu um afkomu

## Verðbólga



- Lág, jákvæð verðbólga og litlar sveiflur í verðbólgu eru skýrt merki þess að stöðugleiki ríki í hagkerfinu

## Vaxtabyrði hins opinbera (% af heildar-tekjum)



- Sterk staða ríkissjóðs styrkir grundvöll stöðugleika þar sem stjórnvöld geta brugðist við áföllum án þess að grípa til skattahækkana á fyrirtæki og heimili

# Alþjóðleg samkeppnishæfni fyrirtækja byggir ekki síst á aðgengi þeirra að vinnuafli með þekkingu og reynslu á réttum sviðum

## Helstu áhrifaþættir



Er rétta vinnuaflið aðgengilegt?



Er nógu mikið af vinnuafli aðgengilegt?



Er vinnuafli aðgengilegt á samkeppnishæfum kjörum?




Er sveigjanleiki til staðar á vinnumarkaði til að mæta breytingum?

## Lýsing

- Til að styðja við vöxt alþjóðageirans í þróuðum hagkerfum þarf **vel menntað vinnuafli með reynslu og þekkingu** úr helstu vaxtargeirum
- Helstu áhrifaþættirnir í því samhengi eru **gæði og framboð náms** og geta hagkerfisins til að **draga til sín sérhæft starfsfólk**
- Auk gæða vinnuafli skiptir máli **í hversu ríkum mæli** sérfræðingar með heppilega menntun og bakgrunn eru aðgengilegir
- Hér skiptir **aðgengi að menntun og skilvirkni menntakerfisins** miklu auk **stærðar hagkerfa** og helstu þéttbýliskjarna þeirra
- Alþjóðleg fyrirtæki vaxa hlutfallslega mest þar sem hæft vinnuafli er aðgengilegt **á hagstæðum kjörum**
- Til að kjör séu samkeppnishæf þarf **vinnulöggjöf að vera samkeppnishæf** og skattaumhverfi sérfræðinga hagstætt
- Alþjóðahagkerfið tekur örum kerfis- og tæknibreytingum. Í þessu samhengi skiptir **sveigjanleiki á vinnumarkaði sköpum**
- Hér skipta kerfislægir þættir líkt og **fyrirkomulag kjarasamninga** og **sveigjanleiki í námsframboði** sköpum

# Þau hagkerfi sem bjóða upp á aðgengi að breiðri flóru fjárfestahópa eru líklegust til að styðja við vöxt fyrirtækja á ólíkum þroskastigum (1/2)



Skilin milli hópa eru ekki alltaf skýr og í ýmsum tilfellum fjárfesta fleiri en ein tegund fjárfesta í fyrirtæki á sama tíma



# Þau hagkerfi sem bjóða upp á aðgengi að breiðri flóru fjárfestahópa eru líklegust til að styðja við vöxt fyrirtækja á ólíkum þroskastigum (2/2)

Helstu eiginleikar hvers fjárfestahóps eru sniðnir að eðli og þörfum fyrirtækisins á viðkomandi þroskastigi

1

## Styrkir, eigið fé, fjölskylda og vinir

- Áður en fyrirtæki hefur sýnt fram á vænta arðsemi af starfsemi sinni getur reynst erfitt að fá ótengda aðila inn í hluthafahópinn
- Til stuðnings við nýsköpunarstarf og framtíðarverðmætasköpun eru víða veitt opinber framlög í sjóði sem veita styrki til fyrirtækja á frumstigum

2

## Englar

- Englar koma yfirleitt inn þegar skýrari mynd er komin á viðskiptalíkan og tekjumöguleika fyrirtækja
- Í flestum tilfellum fjárfesta englar eigin fjármagni og miðla eigin reynslu og þekkingu til uppbyggingar fyrirtækisins á fyrstu metrunum

3

## Nýsköpunarsjóðir

- Nýsköpunarsjóðir fjárfesta í fyrirtækjum með mikla vaxtarmöguleika á frumstigum þeirra
- Fjárfestingargetan er meiri en hjá englum og megináherslan er á arðsemi. Sjóðirnir fjárfesta í mörgum fyrirtækjum og búa því gjarnan yfir verðmætri reynslu og þekkingu

4

## Framtaksjóðir og aðrir stærri einkafjárfestar

- Þegar fyrirtækið er farið að skapa sjóðsstreymi opnast þeim aðgangur að framtaksjóðum og öðrum stærri fjárfestum til að vaxa frekar
- Líkt og með nýsköpunarsjóðina er um að ræða fjárfestingu með háa ávöxtunarkröfu og mikið áhættuþol

5

## Skráning á markað

- Þegar fyrirtækið hefur náð ákveðinni stærð kann að vera ákjósanlegur kostur að skrá félagið á markað
- Þetta getur lækkað ávöxtunarkröfu og dregið úr fjármögnunaráhættu með breikkun hluthafahóps. Mun ríkari upplýsingaskylda hvílir á skráðum félögum


6

## Fyrirtæki „skilar“ eða fjárfestir hagnaði


- Þegar fyrirtækið hefur náð leiðandi stöðu fækkar tækifærum til vaxtar
- Þá snýst flæði fjármangs við og fyrirtækið fer að fjárfesta hagnaði eða „skila“ honum til baka
- Á þessu stigi keppa hagkerfi innbyrðis um stórfjárfestingar fyrirtækisins

# Regluverk og stofnanaumgjörð þurfa að vera fyrirsjáanleg og í samræmi við helstu viðskiptalönd

10 samkeppnishæfustu þjóðirnar 2013 samkvæmt IMD World Competitiveness Yearbook



Mat efstu þjóða á lykilþáttum samkeppnishæfni hagkerfa þeirra\*



# Skattaumhverfi getur ráðið úrslitum um það hvar alþjóðleg fyrirtæki staðsetja starfsemi sína

## Helstu þættir

### 1 Skatthlutföll og skattstofnar

- Eru reglur um myndun skattstofna í samræmi við það sem best gerist?
- Er tekjuskattshlutfall fyrirtækja samkeppnishæft í alþjóðlegu tilliti?
- Gera launaskattar fyrirtækjum kleift að laða að samkeppnishæfasta starfsfólkið?

### 2 Alþjóðlegt samræmi og stöðugleiki

- Er skattkerfið stöðugt, skattframkvæmd samræmd og kostnaði við eftirfylgni stillt í hóf?
- Er skattkerfið í meginatriðum í samræmi við alþjóðleg viðmið á sviði milliríkjavíðskipta?

### 3 Tvísköttunarsamningar

- Nær net tvísköttunarsamninga til helstu viðskiptalanda fyrirtækisins, þar sem birgjar þess eru staðsettir, helstu viðskiptamenn og önnur fyrirtæki innan samstæðunnar?

### 4 Ívilnanir og skattalegir hvatar

- Er til staðar skattalegt hvatakerfi fyrir erlend fyrirtæki, s.s. ívilnanir vegna rannsóknar og þróunar?


## Ástæður

- Skattstofnar sem byggja á raunverulegum hagnaði gera fyrirtækjum betur kleift að ráðast í stórar fjárfestingar
- Hagfelldur tekjuskattur eykur á ábata fjárfestinga og lágir jaðarskattar ýta undir háþróun á framleiðslugetu fyrirtækja
- Stöðugt og fyrirsjáanlegt skattkerfi dregur úr óvissu um ábata fyrirtækja af fjárfestingu til lengri tíma
- Samræmi við alþjóðleg viðmið á sviði milliríkjaskattlagningar dregur úr sértækri reglubyrði og eykur gagnsæi
- Tvísköttunarsamningar og aðrir þættir sem draga úr skattalegum hindrunum milli ríkja geta bætt markaðsaðgengi með því að draga úr kostnaði sem leiðir af tvísköttun
- Hvatakerfi geta skipt sköpum við val á staðsetningu fjárfestingar þar sem þau geta aukið á ábata hennar og dregið úr áhættu og kostnaði sem leiðir af skattbyrði

# Greitt aðgengi að mörkuðum spilar lykilhlutverk við uppbyggingu alþjóðlegrar starfsemi

## Markaðsinnviðir

- Innviðir á borð við öflugt samgöngu-, flutninga-, og gagnanet ráða miklu við mat á staðsetningu fyrirtækja og fjárfestinga
- Slíkir innviðir:
  - draga úr annmörkum sem leiða af fjarlægð frá mörkuðum
  - auka aðgengi að birgjum sem selja vörur eða íhluti fyrir framleiðslu fyrirtækja
  - veita fyrirtækjum kost á að sækja í stærri hóp viðskiptamanna
  - draga úr framleiðslukostnaði fyrirtækja og auka skilvirkni við veitingu þjónustu eða vöru
  - ýta undir skilvirkari tilflutning vinnuafis milli ríkja



## Milliríkjasamningar

### Fríverslunar-samningar

- Draga úr aðgangshindrunum í formi tolla og annarra innflutningsgjalda í milliríkjaviðskiptum
- 

### Tvísköttunar-samningar

- Koma í veg fyrir að fjármagn, vörur og þjónusta sem veitt er milli ríkja sé tvískattlögð
- 


### Samningar um vernd fjárfestinga

- Veita fyrirtækjum og fjárfestum í samningsríkjum ákveðin réttindi sem vernda fjárfestingu þeirra

1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki
  - ii. Vaxtarfyrirtæki
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis
  - v. Samantekt

# Þegar hefur verið bent á ýmis tækifæri til umbóta í rekstrarumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi í ýmsum skýrslum og greiningum

1



- ✓ Auka áherslu á verk- og tæknimenntun og leggja aukið fjármagn í háskóla
- ✓ Auka aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að áhættufjármagni
- ✓ Greiða fyrir og auka vægi beinnar erlendar fjárfestingar
- ✓ Stuðla að myndun öflugrar fjárfestingar-einingar einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtarstigi fyrirtækja
- ✓ Auka framleiðni með opnun markaða og aukinni samkeppni erlendis frá

2




- ✓ Stuðla að hærra menntunarstigi með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms
- ✓ Taka upp hvata til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum
- ✓ Taka upp skattaívilnanir og forgangsaufgreiðslu fyrir erlenda sérfræðinga
- ✓ Skattalegir hvatar til fjárfestingu í nýsköpun verði eflidir
- ✓ Opinbert fjármagn til rannsókna verði nýtt með skilvirkari hætti
- ✓ Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt

3



- ✓ Auka sveigjanleika og skattalega hvata til að koma til móts við þarfir nýrra atvinnugreina sem hingað leita
- ✓ Fá alþjóðlegt viðurkennt fyrirtæki til að gera úttekt á íslensku skattkerfi út frá sjónarhóli fjárfesta
- ✓ Móta stefnu um framtíðarnýtingu einstakra landsvæða með tilliti til atvinnu-upbyggingar út frá heildarhagsmunum
- ✓ Taka upp sérstakan lagaramma um atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna

4



- ✓ Sett verði ein rammalöggjöf fyrir rannsóknarstofnanir og þeim fækkað með sameiningum
- ✓ Stofnað verði gæðaráð fyrir rannsóknarstofnanir
- ✓ Stofnuð verði innviðarnefnd
- ✓ Sett verði ein löggjöf um starfsemi háskóla og þeim fækkað
- ✓ Stefnumótunarhlutverk Vísinda- og tækniráðs verði styrkt og komið á öflugri tengslum milli ráðsins og Rannís

5



## Fjöldmargar aðrar skýrslur:

- Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs
- Policy mix for innovation in Iceland (OECD)
- Rannsóknir og þróun á Íslandi (Rannís)
- Skýrsla erlendar sérfræðinefndar um menntun, rannsóknir og nýsköpun (VT)
- Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi (HR)
- Ísland 2020 (forsætisrn)
- Uppfærum Ísland (SA)
- Þörf fyrir menntað starfsfólk (SI)
- Og fleiri

# Þrátt fyrir að sömu grunnskilyrði efli flest fyrirtæki alþjóðageirans eru megináskoranirnar og tækifæri mismunandi eftir stærð þeirra og eðli



## Sprotafyrirtæki

- Á fyrstu stigum skiptir rannsóknar- og styrkja-umhverfi, einfaldleiki regluverks, aðgengi að englafjárfestum og aðrir innviðir til frumkvöðla-starfs meginmáli



## Hraðvaxtarfyrirtæki

- Þegar fyrirtæki ganga í gegnum hraðvaxtarferli skipta greitt aðgengi að hæfum lykilstjórnendum og fjárfestum með þekkingu og tengsl á viðkomandi mörkuðum mestu



## Stærri innlend fyrirtæki

- Stærri fyrirtæki hafa oftast náð fótfestu á markaði. Til að vaxa frekar þurfa þau svigrúm til erlendra fjárfestinga og greitt aðgengi að sérfræðingum á hagstæðum kjörum



## Erlend fyrirtæki

- Fjárfestingarrammi, gæði stjórnsýslu og regluverks og stöðugleiki í efnahags-umhverfi ræður mestu um hvar alþjóðleg stórfyrirtæki setja upp starfsstöðvar sínar



*Skilin á milli ólíkra flokka fyrirtækja eru ekki alltaf skýr enda færast þau á milli þeirra á mismunandi tímabilum lífskeiðs sín*

# Ennfremur starfa fyrirtæki innan alþjóðageirans í mismunandi greinum þar sem ólíkir þættir rekstrarumhverfisins vege misþungt

## Hvaða þættir rekstrarumhverfisins skipta mestu máli?


Nokkur dæmi





# Til að fjalla um rekstrarumhverfi alþjóðafyrirtækja af ólíkri stærð og gerð á sem aðgengilegastan og einfaldastan hátt er því notast við dæmisögur

## Sögurnar byggja á reynslu starfandi fyrirtækja



- Fyrirtækin sem fjallað er um eru ekki til í raunveruleikanum en **pau tækifæri og áskoranir sem fjallað er um byggja á reynslu íslenskra fyrirtækjastjórnenda** í alþjóðageiranum
- Markmiðið er að dæmisögurnar gefi aðgengilega og skýra mynd af því hvernig **rekstrarumhverfið héraendis eflir eða veikir samkeppnishæfni** þeirra
- Með dæmisögum gefst færi á að fjalla um **ólíkar áskoranir fyrirtækja** á mismunandi þroskastigum og í mismunandi undirgreinum alþjóðageirans

## Umfjöllunin er ítarleg en ekki tæmandi

Þegar lesið er í gegnum dæmisögurnar er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Þau tækifæri og áskoranir sem fjallað er um í hverri dæmisögu eru **ekki tæmandi** fyrir viðkomandi flokk fyrirtækja
- ✓ Mörg af þeim tækifærum og áskorunum sem fjallað er um **eiga við um öll fyrirtæki**, óháð stærð þeirra og gerð
- ✓ Tilvitnanir í stjórnendur þeirra tilbúnu fyrirtækja sem fjallað er um **byggja á viðhorfum** fyrirtækjastjórnenda héraendis
- ✓ Reynt er að tengja umfjöllun við heildarumhverfi og **koma með tillögur að umbótum** þegar það á við
- ✓ Á næstu mánuðum mun Viðskiptaráð Íslands **fjalla nánar** um fjölda þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í dæmunum og koma með **ítarlegri tillögur að útfærslu lausna**

# Fyrirtækin fjögur sem dæmisögurnar fjalla um eru stödd á ólíkum stað á lífsskeiði sínu og starfa í mismunandi undirgreinum alþjóðageirans

## Sprotafyrirtæki



novellus

- Íslenskt sprotafyrirtæki sem hefur þróað nýja lausn við erfðabreytingar á grænmeti
- Hefur nýtt undanfarin ár til rannsókna og þróunar en stefnir á sölu hérlendis og erlendis á næstu árum

## Hraðvaxtarfyrirtæki



ORUX

- Íslenskt félag sem framleiðir nettengdan hugbúnað fyrir lækningatæki
- Fyrirtækið starfar hér heima og í Svíþjóð en hyggur á frekar vöxt á nýjum mörkuðum með tilheyrandi fjárfestingum

## Stærra íslenskt fyrirtæki



MAGNA

- Íslenskt fyrirtæki sem framleiðir hátæknibúnað fyrir sjávarútvegsfyrirtæki
- Fyrirtækið óx hratt á síðasta áratug og starfar nú í um 25 löndum en hefur vöxtur hefur staðnað undanfarið vegna skerts aðgengis að fjármagni

## Alþjóðlegt stórfyrirtæki



Externa LLC

- Austurrískt samheitalyfjafyrirtæki með starfsemi í yfir 30 löndum og sölunet enn víðar
- Fyrirtækið er að meta hvort heppilegt sé að staðsetja hluta af R&D\* starfsemi sinni á Ísland

1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki**
  - ii. Vaxtarfyrirtæki
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis
  - v. Samantekt

# Novellus\* er íslenskt sprotafyrirtæki sem byggir framtíðaráætlanir sínar á nýrri lausn við erfðabreytingar á grænmeti

Novellus er sprotafyrirtæki sem stofnað var í ársbyrjun 2010. Uppruna fyrirtækisins má rekja til doktorsverkefnis á líftækisviði matvælafræða sem Elva Jónsdóttir vann ásamt leiðbeinanda sínum, Margréti Heimisdóttur. Niðurstöður verkefnisins gáfu sterkar vísbendingar um að ný lausn – byggð á erfðabreytingum – gæti nýst til að auka næringargildi tómatu umtalsvert án neikvæðra hliðarafleiðinga. Til að fylgja þessum niðurstöðum eftir stofnuðu Elva og Margrét fyrirtækið Novellus og hófu frekari rannsóknir með það markmið að skapa söluafurð úr lausninni. Bakgrunnur þeirra beggja er einkum fræðilegur. Margrét hefur starfað um árabíl í háskólaumhverfinu og Elva hefur sinnt rannsóknarstörfum meðfram námi.

Fyrstu tvö árin störfuðu Elva og Margrét einar hjá fyrirtækinu og sinntu rannsóknum og þróun samhliða öðrum störfum. Árið 2011 fengu þær úthlutað verkefnisstyrk frá tækniþróunarsjóði upp á 10 milljónir á ári í þrjú ár. Þetta gerði þeim kleift verja öllum sínum tíma og kröftum í uppbyggingu Novellus, sem þær hafa gert undanfarin tvö ár. Þær eiga því u.þ.b. ár eftir af styrktímabilinu. Mótframlag styrksins fjármögnuðu þær í gegnum fjölskyldu, vini og eigið vinnuframlag.

Auk þess að starfa sjálfar hjá Novellus, réðu þær sérfræðing í næringarfræði til fyrirtækisins. Þær hafa jafnframt þurft að verja þónokkrum fjármunum í lögfræði- og fjármálaráðgjöf. Fyrsta útfærsla lausnarinnar er nú fullþróuð og stefnt er að því að sala hefjist á næsta ári. Mat þeirra sérfræðinga sem þær hafa ráðfært sig við gefur tilefni til bjartsýni, en ljóst er að áherslur og umfang starfseminnar koma til með að breytast mikið á næstunni. Margrét metur stöðuna og framtíðarhorfur svo:


*„Við erum auðvitað fyrst og fremst vísindamenn og því ljóst að við munum þurfa að bæta við starfsfólki með rekstrarreynslu og dýpri þekkingu á matvælamarkaðnum. Þrátt fyrir að það hafi tekið okkur nokkurn tíma að átta okkur á styrkjaumhverfinu héraðs hefjum það reynst vel og gert okkur kleift að komast á þennan stað. Framundan eru stórar ákvarðanir, enda er ekki ljóst í okkar huga hvort forsendur séu til að þróa fyrirtækið áfram héraðs. Það veltur fyrst og fremst á því hvort við finnum heppilega bakhjarla fyrir fyrirtækið.“*



novellus

## Helstu upplýsingar um starfsemi Novellus

- Fyrsti starfsmaðurinn ráðinn 2012
- Fjármagn til ráðstöfunar skiptist í verkefnastyrki og mótframlag eigenda vegna styrkja
- Launakostnaður megnið af útgjöldum fyrstu ára



# Novellus hefur mætt jákvæðu viðhorfi en stofnendum finnst þó að samfélagið átti sig ekki nógu vel á þeim verðmætum sem sprotar geta skapað

Þekkingarfyrtækni á frumstigum eru oft með litlar sem engar tekjur. Talsverður tími getur farið í rannsóknir og þróun á vöru- eða þjónustu áður en forsendur myndast til að setja þær á markað. Fyrir sprotafyrtækni er þetta sérstaklega krefjandi þar sem sjaldnast eru aðrar tekjustoðir til staðar innan fyrtækisins líkt og hjá stærri fyrtækjum.


Rannsóknir og þróun skilja á milli þess sem kallað er nýsköpunarfyrirtækni og annarra nýrra fyrtækja. Með því að skapa nýja vöru- eða þjónustu, hagkvæmari aðferðir við framleiðslu eða aðra nytsamlega þekkingu myndast grundvöllur fyrir alþjóðlegri samkeppnishæfni. Þau sprotafyrirtækni sem starfa á þessum forsendum geta því haft mikið að segja um framtíðarvaxtartækifæri hagkerfisins. Viðhorf og þekking á þessum sjónarmiðum getur skipt sköpum við mótun nýsköpunarumhverfis.

*„Við höfum upplifað mjög jákvætt viðhorf gagnvart starfsemi fyrtækisins. Engu að síður er það okkar mat að viðhorfið hafi í of ríkum mæli markast af því að sprotar séu einstakur „krúttstarfsemi“. Þannig hafa umræður um fyrirkomulag og umfang styrkveitinga og aðrar umbætur í rekstrarumhverfi sprota hljómað eins og markmiðið sé að skapa ákveðna samfélagsmynd, fremur en verðmæti. Í okkar huga er afar mikilvægt að horft sé í ríkari mæli til raunverulegrar verðmætusköpunar sem nýsköpun leiðir til.“*

## Stuðningur við nýsköpun getur myndað grunn að mikilli verðmætasköpun

### Þróun á starfsemi fyrtækja sem hlutu styrk úr tækniþróunarsjóði 2005

Fjöldi fyrtækja\*



# Þrátt fyrir að sprotafyrirtæki séu flest smá skapa þau grundvöll fyrir fjölgun starfa, auknum gjaldeyrstekjum og framtíðarvexti hagkerfisins

Upplýsingar um *Innovit hagkerfið*\* renna stoðum undir þau sjónarmið að framlag sprota til verðmætasköpunar sé verulegt

1

Áætluð heildarvelta 2012 var 1,5 ma.kr., um 35% aukning frá árinu 2011



2

Búið er að tryggja 940 m.kr. frá fjárfestum síðan 2008



3

Fyrirtækin hafa fengið 282 m.kr. í styrki frá stofnun



4

Fjöldi stöðugilda 2012 var 239, um 50% fjölgun frá árinu 2011



5


Gjaldeyrstekjur tækni- og sprotafyrirtækja eru um 20% af heild\*\*



## Sprotafyrirtæki í alþjóðageiranum geta skapað umtalsverðar gjaldeyrstekjur

### Raundæmi um þróun gjaldeyrstekna hjá íslenskum sprota

Milljónir króna




- Nýsköpunarfyrirtæki þróa í mörgum tilfellum vöru fyrir alþjóðlegan markað
- Framlag þeirra til gjaldeyrissköpunar getur verið verulegt

## Hjá þeim fyrirtækjum sem ná árangri skila opinber framlög sér fljótt til baka

### Raundæmi um opinber framlög og skatttekjur v/ sprota

Milljónir króna



- Framlag hins opinbera felst í styrkjum og endurgreiðslu RSK vegna R&B
- Tekjur hins opinbera skiptast í launaskatt starfsmanna, tryggingagjald og tekjuskatt

# Á fyrstu metrunum áttu stofnendur Novellus erfitt með að átta sig á styrkjaumhverfinu enda sjóðirnir margir og fyrirkomulag þeirra misjafnt

Með hliðsjón af mikilvægi nýsköpunar fyrir langtíma-hagvöxt og samkeppnishæfni hagkerfa setur hið opinbera fjármagn í styrkveitingar til rannsóknar- og þróunarstarfs í flestum vestrænum samfélögum.


Alþjóðlegur samanburður á heildarfjárveitingum til málaflokksins hefur reynt erfiður, enda ólík aðferða-fræði sem liggur að baki útreikninga. Flest bendir þó til að Ísland standi nokkuð vel að vígi, en áætluð útgjöld til rannsóknar- og þróunarstarfs námu 2% af heildar-útgjöldum hins opinbera árið 2012.

Engu að síður hefur sprotum gengið misvel að afla sér styrkveitinga við hæfi og upphæðir styrkveitinga eru í flestum tilfellum tiltölulega lágar. Hluti af orsökinni liggur í þeirri staðreynd að opinberar styrkveitingar dreifast á marga sjóði með ólíka markmið. Að sama skapi fer einungis 10% af því fjármagni sem hið opinbera leggur til R&P til fyrirtækja.


*„Þegar kom að því að kortleggja tækifæri Novellus til að sækja styrki kom okkur á óvart hversu tvístrað og ósamræmt styrkjaumhverfið á Íslandi var. Við vorum sem betur fer ekki á höttunum eftir stórum styrkjum á fyrstu metrunum, en engu að síður fór meiri tími og orka í þetta ferli en við gerðum ráð fyrir. Við enduðum á því að sækja um opinbera styrki úr fjórum mismunandi sjóðum þar sem umsóknarferlið og aðferðafræðin var ólík í hvert sinn.“*

## Könnun Landsbankans sýnir að misvel gengur að finna styrki og að upphæðir séu lágar

### Hvernig gekk að afla styrkja við hæfi?




### Hver var heildarupphæð styrkja?



- Af þeim sprotum sem höfðu hlotið styrk hafði innan við fjórðungur fengið meira en 10 milljónir króna

## Opinberar styrkveitingar dreifast á marga sjóði með ólíka aðferðafræði og markmið



- Opinberir sjóðir eru mjög margir og flestir þeirra eru litlir og með lága hámarksstyrki
- Tækniþróunarsjóður og Rannsóknarsjóður Rannís skera sig úr hópnum þar sem heildarstærð þeirra og hámarks styrkupphæðir eru mun stærri

# Eftir að hafa kynnt sér landslagið í styrkjamálum betur var það niðurstaða stofnenda Novellus að fyrirkomulag Tæknipróunarsjóðs væri skilvirkast

Í ýmsum tillfellum getur reynt erfitt og óheppilegt að sækja einkafjármagn á fyrstu árum nýsköpunar-fyrirtækja, t.a.m. vegna sérhæfðs eðlis starfseminnar og óvissu um árangur frekari rannsókna. Opinberir rannsóknar- og tæknipróunarsjóðir geta reynt vel til að mæta þessum áskorunum. Til að slíkar styrkveitingar skili fyrirtækjum og hinu opinbera árangri er mikilvægt að umsóknarferlið sé skilvirkt, upphæð styrkja fullnægjandi og mat á umsóknum byggji á skynsamlegum forsendum.

Framlag hins opinbera til stærri samkeppnissjóða hefur aukist umtalsvert undanfarinn áratug. Með því að færa smærri sjóði undir hatt Rannís mætti efla stærstu sjóðina enn frekar.

„Á fyrstu tveimur árunum var starfsemi Novellus mestmegnis rekin með stofnfé sem við lögðum sjálfar fram. Við fengum tvo tiltölulega lága styrki, en þeir reyndust okkur ekki jafn vel og við höfðum vonast til. Það fór afar mikill tími í umsóknina og aðra umsýslu auk þess sem ráðstöfun fjármunanna var að hluta ákveðin af styrkveitanda. Árið 2012 fengum við verkefnastyrk úr Tæknipróunarsjóði. Fyrirkomulag þeirrar styrkveitingar var mun skilvirkara auk þess sem upphæðin var umtalsvert hærri. Við söfnuðum mótframlagi með fjárfestingum vina og ættingja í fyrirtækinu. Þetta hefur gert okkur kleift að sinna fyrirtækinu í fullu starfi og ráða viðbótarstarfsmann.“


## Opinberir styrkir hafa spilað stórt hlutverk í fjármögnun Novellus fram til þessa



## Stórir samkeppnissjóðir hafa marga kosti og ætti að efla þá enn frekar

### Þróun framlaga til sjóða Rannís

Milljónir króna, fast verðlag



Með færslu minni sjóða undir hatt Rannís mætti auka umráðafé um 490 milljónir eða ríflega 20%

### Helstu kostir samkeppnissjóða:

- Bestu verkefnin fá brautargengi
- Gagnsætt mat umsókna og skilvirk eftirfylgni
- Minni rekstrarkostnaður vegna stærðarhagkvæmni
- Megináhersla á verðmætasköpun
- Mótframlag styrkþega



# Verkefnastyrkur Novellus hefði nýst enn betur ef stofnendur hefðu ekki staðið frammi fyrir skattalegum kvöðum um að reikna sér endurgjald

Í fæstum tilfellum ná sprotafyrirtæki að safna utanaðkomandi fjármagni á fyrstu stigum starfseminnar. Auk styrkveitinga er algengast að upphaflegt rekstrarfjármagn komi frá stofnendunum sjálfum auk vina og vandamanna.


Við þessar aðstæður er því lítil hvati fyrir stofnendur að greiða sér laun. Þvert á móti telur hver króna í rekstri á fyrstu árum starfseminnar og því óheppilegt að fjármunirnir renni í hring með þessum hætti.

Skattareglur kveða á um að einstaklingum með eigin atvinnurekstur beri að reikna sér endurgjald, en af því reiknast staðgreiðsla opinberra gjalda, greiðsla tryggingagjalds og iðgjald í lífeyrissjóð. Til að skapa aukið svigrúm væri ástæða til að veita stofnendum undanþágu frá reiknuðu endurgjaldi á upphafsárum nýsköpunarfyrirtækja.

*„Mér finnst það skjóta skökku við að á sama tíma og hið opinbera vinnur að því að efla nýsköpunarfyrirtæki með framlögum í Tækniþróunarsjóð skuli sömu fyrirtæki neyðast til að skila hluta fjármagnsins í formi launagjalda á reiknað endurgjald stofnenda. Þegar hver króna telur vilja stofnendur í fæstum tilfellum greiða sér laun, heldur nýta það fjármagn til frekari uppbyggingar fyrirtækisins. Við enduðum a.m.k. á því að setja öll okkar laun aftur inn í fyrirtækið eftir að við höfðum greitt af þeim skatta og gjöld.“*

## Undanþága stofnenda frá reiknuðu endurgjaldi myndi auka svigrúm á upphafsárum

### Sviðsmyndir fyrir fyrstu fimm starfsár Novellus\*



- Umtalsverður hluti þeirra fjármuna sem Novellus hafði til ráðstöfunar á fyrstu fimm árunum fóru í **opinber gjöld vegna launatekna stofnendanna sjálfra**

# Novellus hefur gengið illa að finna einkafjárfesta á Íslandi sem geta stutt við vaxtarmarkmið fyrirtækisins með fjármagni, þekkingu og tengslum

Mörgum fyrirtækjum reynist erfitt að færast af sprotastigi yfir á tekjuvaxtarstig. Þrátt fyrir að þessi áskorun muni ávallt vera til staðar í einhverri mynd, getur fjármögnunar-umhverfi haft mikið um það að segja hversu hátt hlutfall efnilegra fyrirtækja kemst á legg.


Englar eru í flestum tilfellum þeir utanaðkomandi fjárfestar sem koma fyrstir inn í fyrirtæki. Til að þátttaka þeirra skili sem mestum árangri skiptir miklu að fjárfestingunni fylgi reynsla, þekking, tengsl innan viðkomandi markaðar.

Til að styðja við frekari vöxt og fjárfestingar fyrirtækisins geta nýsköpunarsjóðir reynst nauðsynlegur hlekkur í fjármögnun fyrirtækja. Sérhæfðir sjóðir geta bætt við þá þekkingu sem hluthafar og stjórn hafa yfir að búa auk þess sem fjárfestingargeta þeirra er yfirleitt meiri hjá englum.

Á Íslandi eru talsverðar eyður á þessu stigi fjármögnunar. Nýsköpunarsjóðir eru litlir og englar tiltölulega fáir. Af þessum sökum getur reynst erfitt að fá samhliða það fjármagn, þekkingu og tengsl sem sprotar þurfa á að halda.

*„Sögulega hefur lítið verið fjárfest á Íslandi í nýsköpunarfyrirtækjum sem byggja á erfðabreytingum. Að sama skapi eru ekki mörg fyrirtæki innan sviðsins sem hafa náð árangri erlendis. Þekking íslenskra fjárfesta á þeim erlendu mörkuðum sem Novellus stefnir á er því af skornum skammti. Þetta er miður, sérstaklega í ljósi þess að bakgrunnur okkar er einkum í vísindum, ekki viðskiptum. Það gæti reynst happadrygra fyrir okkur að leita erlendra fjárfesta en þar setja gjaldeyrishöft strik í reikninginn.“*

## Íslenskir sprotar eiga oft erfitt með að finna heppilega fjárfesta til að styðja við vöxt



Almennt eru það englar og nýsköpunarsjóðir sem fjármagna fyrirtæki í aðdraganda vaxtarskeiðs þeirra

- Nýsköpunarsjóðir á Íslandi hafa tiltölulega litla fjárfestingargetu og hafa því minni tækifæri til að skapa sérþekkingu innan ólíkra geira og breitt fjárfestingasafn
- Smærri einkafjárfestar virðast fremur kjósa hefðbundnari og áhættu-minni fjárfestingar en nýsköpunarfyrirtæki

## Vegna sértækrar þekkingar og reynslu henta erlendir englar ýmsum fyrirtækjum betur

### Bakgrunnur og helstu eiginleikar engla

- Fjárfesta eigin fjármunum
- Hafa reynslu af frumkvöðlastarfi
- Fjárfesta í iðnaði sem þeir þekkja
- Hafa þolinmæði og áhættuþol
- Fjárfesta í fáum fyrirtækjum
- Virkir fjárfestar og miðla eigin reynslu

- Smæð hagkerfisins leiðir til þess að að flóra engla héraðs dugir illa til að styðja við alla þá ólíku sprota sem spretta upp
- Englasamfélag er til staðar á vissum sviðum, t.a.m. í sjávarútvegi og hugbúnaði, en fyrir ýmsa sprota væri heppilegra að geta leitað annað

# Til að efla nýsköpunarsjóði og fjárfestingu í fyrirtækjum á sprota- og vaxtarstigi væri ástæða til að skapa skattalega hvata líkt og tíðkast í nágrannalöndum okkar

## Samanburðarlönd



## Helstu þættir ívilnana

- Fjárfestir má draga frá öðrum fjármagnstekjum 50% af kaupverði hlutabréfa **að hámarki 650þ. sænskar krónur** á ári
- Ef fjárfestir er ekki með fjármagnstekjur þá má nota frádrátt á móti launatekjum



- Fjárfestir fær 50% skattaundanþágu af fjármagnstekjum **að árlegu hámarki 75þ. evrur á hvert fyrirtæki og 150þ. evrur alls**
- Afsláttur kemur til greiðslu við sölu bréfa og felur þannig aðeins í sér frestun á skattlagningu



- Fjárfestir fær **að hámarki 30% frádrátt** frá tekjuskattsstofni auk möguleika á 11% viðbót eftir 3 ár vegna starfsmannafjölgunar
- **Hámarksfrádráttur er 150þ. evrur** og heimilt er að flytja ónýttan frádrátt milli ára.



- Fjárfestir fær **að hámarki 30% frádrátt** frá tekjuskattsstofni og heimilt er að endurfjárfesta fjármagnstekjum án skattlagningar
- **Hámarksfrádráttur 1m. pund** en eiga þarf bréfin í 3 ár. Þegar fjárfest er í gegnum sjóð er **hámarkið 200þ. pund** og eiga þarf bréfin í 5 ár



- Allur skattur á fjárfestinguna er undanþegin **að hámarki 55þ. evrur á ári hjá fjárfesti** eða sérstökum sjóð
- Fjárfestir má draga frá 7,5% af kaupverði hlutabréfa upp að 2,8þús.EUR á fyrsta árinu hjá fjárfesti eða sérstökum sjóð

- Þessar ívilnanir eru bundnar við fyrirtæki af ákveðinni stærð og er þar alla jafna m.v. **1,5 ma.kr. í veltu og/eða færri en 50 starfsmenn** en EES regluverkið, sem ívilnanir byggja á, hefur nýlega verið rýmkað verulega að þessu leyti
- Með skattaívilnunum er reynt að veða upp á móti **aukinni áhættu og umsýslukostnaði** sem fylgir fjárfestingum í minni og óskráðum nýsköpunarfyrirtækjum
- Þessar ívilnanir **eru ekki til staðar á Íslandi** en nýverið skilaði starfshópur fjármálaráðherra tillögu um innleiðingu slíks kerfis

# Vegna takmarkaðs aðgengis að heppilegum englum og þeirrar framtíðaráhættu sem gjaldeyrishöft skapa gæti verið einfaldast fyrir Novellus að flytja starfsemina strax

Hjá þekkingarsprotum á frumstigum liggja verðmæti fyrirtækisins fyrst og fremst í mannauði þess. Það er því talsvert einfaldara að flytja sprota úr íslenska hagkerfinu en stærri fyrirtæki með miklar efnislegar eignir. Fyrirtæki geta skapað hugverkaréttindi mjög snemma á lífsskeiðinu sem gerir flutning flóknari, en engu að síður eru til staðar mögulegar leiðir til að færa réttindin í erlent félag.


Í mörgum tilfellum getur verið fullkomlega eðlilegt skref í þróun og þroska fyrirtækja að færa sig um set. Þar geta nálægð við markaði, mikilvæga birgja eða sérhæfða fjárfesta spilað stórt hlutverk. Það er öllu verra þegar þættir sem tengjast íslenska rekstrarumhverfinu með beinum hætti, s.s. áskoranir vegna gjaldeyrishafta eða óhagfelld skattaumgjörð, leiða til brottflutnings.

*„Við höfum alltaf stefnt að því að byggja upp starfsemi Novellus á Íslandi. Vegna takmarkaðs aðgengis að heppilegum englum og þeirrar áhættu sem gjaldeyrishöft skapa fyrir framtíðarvöxt fyrirtækisins gæti verið ástæða fyrir okkur að endurskoða þá afstöðu strax á þessu stigi.“*


*Við erum ekki sérfræðingar á þessu sviði, en samtöl okkar við stjórnendur alþjóðasprotu sem hafa náð góðum vexti benda til þess að gjaldeyrishöftin verði okkur fjötur um fót í framtíðinni. Enn fremur hafa skattasérfræðingar bent okkur á að það gæti verið einfaldara fyrir okkur að færa starfsemina úr landi á þessu stigi málsins. Við munum því nota næstu mánuði til að veða og meta hvar heppilegast sé að byggja upp fyrirtækið til framtíðar.“*

## Novellus gæti flutt aðsetur fyrirtækisins með tveimur mismunandi leiðum\*

### Leið A: Erlent félag tekur yfir hlutafé Novellus



### Leið B: Erlent félag tekur yfir hugverkaréttindi Novellus



# Aðgengi að starfsfólki með reynslu af rekstri nýsköpunarfyrirtækja hefur ekki reynst jafn stór kostur við að starfa á Íslandi og stofnendur Novellus áttu von á

Algengt er að stofnendur nýsköpunarfyrirtækja séu vísindamenn eða sérfræðingar á því sviði sem vara eða þjónusta fyrirtækisins snýr að. Þetta hefur minna að segja meðan starfsemin snýr eingöngu að þróun og rannsóknum, en getur staðið framþróun sprota fyrir þrifum þegar kemur að því að hefja undirbúning sölu og markaðstarfs.


Þar sem geta til hárra launagreiðslna er takmörkuð á fyrstu starfsárunum er gjarnan brugðið á það ráð að laða að starfsfólk með eignarhlut í fyrirtækinu. Í því felst að viðkomandi aðili gerist atvinnurekandi í stað þess að starfa sem launamaður.

Þrátt fyrir að Íslendingar telji að skólakerfið stuðli að frumkvöðlahugsun og undirbúi einstaklinga vel fyrir atvinnurekstur, virðast fremur fáir háskólanemar kjósa þann kost við útskrift. Af þessu má draga þá ályktun að erfiðara sé að fá hæft fólk til starfa innan nýsköpunarfyrirtækja en hjá stærri fyrirtækjum eða hinu opinbera.


*„Við áttum von á því að það myndi vera auðveldara fyrir okkur að finna starfsfólk hérlendis, þar sem við þekkjum til staðarhátta og fyrirkomulags á vinnumarkaði. Það virðist ekki vera raunin, enda leita flestir til stærri fyrirtækjanna. Við stefnum á að fá aðila með rekstrarreynslu sem starfsmann og meðeiganda, en gætum jafnvel þurft að leita út fyrir landsteinana“.*

## Alþjóðlegur samanburður bendir til að íslenskir nemendur telja sig almennt undirbúna til atvinnurekstrar og að menntakerfið eflir frumkvöðlahugsun

Hlutfall nemenda sem telja menntakerfið stuðla að frumkvöðlahugsun?




Hlutfall nemenda sem telja menntakerfið veita þekkingu til atvinnurekstrar?




## Engu að síður virðist fremur lágt hlutfall Íslendinga fara í eigin rekstur að loknu námi

Hvar starfa íslenskir nemendur þremur árum eftir útskrift?



Hlutfall útskrifaðra háskólanema sem fara í eigin atvinnurekstur



# Ákvörðun um framtíðaraðsetur Novellus er ekki einhlýtt enda ýmsir kostir við íslenskt umhverfi, en áskoranir vegna haftanna eru líklegar til að ráða úrslitum

Helsta einkenni fyrirtækja alþjóðageirans er sú staðreynd að hægt er að flytja starfsemi þeirra á milli hagkerfa. Oft getur reynst heppilegra að taka þessa ákvörðun fyrr en seinna í vaxtarferli þeirra, enda eðli málsins samkvæmt einfaldara að flytja smærri fyrirtæki en stærri.

Það er ljóst að ákvörðun um framtíðaraðsetur fyrirtækis er margþætt og ræðst ekki eingöngu af þeim rekstraraðstæðum sem þeim eru búin. Segja má að heimaland stofnenda njóti ákveðins forskots í þessu samhengi, enda algengt að þeir vilji síður flytjast búferlum. Það er engu að síður svo að ef verulega er vegið að samkeppnisstöðu og framtíðaruppbyggingu fyrirtækja eiga stofnendur þeirra fárra kosta völ.

*„Það er tvímælalaust von okkar sem stöndum á bak við Novellus að forsendur séu fyrir því að framtíðaruppbygging fyrirtækisins fari fram á Íslandi. Þegar við horfum breitt yfir sviðið eru ýmsir praktískir kostir við að starfa á Íslandi. Öll umsýsla er tiltölulega einföld og við þekkjum innviði og menninguna vel.*

*Engu að síður eru ákveðnir þættir sem gætu orðið til þess að við hreinlega neyðumst til að færa okkur um set. Þegar horft er til framtíðar lítur út fyrir að gjaldeyrishöft gætu orðið vaxandi þrándur í götu okkar og dregið verulega úr tækifærum til vaxtar og verðmætasköpunar“.*

## Áframhaldandi rekstur á Íslandi

### 1 Tengslanet og þekking

- Stuttar boðleiðir og einfalt að mynda tengsl en takmörkuð sérþekking á sviði Novellus

### 2 Styrkja-umhverfið

- Styrkir úr samkeppnissjóðum hafa nýst vel en upphæðir eru í lægri kantinum

### 3 Aðgengi að fjármagni

- Fáir englar og sérhæfing takmörkuð. Gjalddeyrishöft hefta aðgengi að erlendum englum og nýsköpunarsjóðum

### 4 Skatta-umhverfið

- Hagstæðir fyrirtækjaskattar. Endurgreiðslur vegna R&P eru mikilvægar en hámarksþak mætti vera mun hærra

### 5 Regluverk og umsýsla

- Regluverk er nokkuð skilvirkt og skriffinska tiltölulega einföld fyrir fyrirtæki með íslenska stjórnendur

### 6 Aðgengi að vinnuafli

- Góð þekking á íslenskum vinnumarkaði og aðstæðum en mun færri einstaklingar til að velja á milli

## Starfsemi flutt af landi brott

- Meiri fyrirhöfn við öflun tengsla en mikil og djúp þekking til staðar á ólíkum sviðum

- Umsóknir krefjast meiri undirbúnings og vinnu en styrkir geta verið talsvert hærri

- Sérhæfðir englar og stórir nýsköpunarsjóðir með víðfeðma þekkingu, reynslu og tengsl á ólíkum sviðum

- Fyrirtækjaskattar gjarnan hærri en ívilnanakerfi vegna R&P styðja í betur við vöxt með ríflegri endurgreiðslum

- Flóknara að setja sig inn í stofnanaumhverfi og regluverk sem í mörgum tilfellum er óskilvirkt og svífaseint

- Erfiðara að markaðssetja fyrirtækið gagnvart starfsfólki en úr mun stærri hóp sérhæfðra einstaklinga að velja

## Staða Íslands



# Heilt yfir telja stofnendur Novellus umhverfi sprota vera gott á fyrstu stigum starfseminnar en umtalsverðar breytingar þarf til að styðja betur við vöxt þeirra

Eins og dæmisagan af Novellus ber með sér eru skilyrði íslenskra sprota nokkuð góð á fyrstu stiginum.

Viðhorf til sprota er jákvætt, styrkjaumhverfið er nokkuð gott en mætti efla enn frekar, regluverk og stofnanaumgjörð standa sprutum ekki fyrir þrifum, skattaumhverfi er þokkalegt í alþjóðlegum samanburði og frumkvöðlaandi er nokkuð ríkur. Að sjálfsögðu má gera betur á þessum sviðum og þannig stuðla að enn sterkari nýliðun á fyrri stigum sprota.

Það er aftur á móti ljóst að íslensk nýsköpunarfyrirtæki standa verulega halloka í samkeppni við erlend fyrirtæki um leið og starfsemi þeirra tekur á sig alþjóðlega mynd. Flækjustig og beinn kostnaður vegna gjaldeyrishaftanna hefur vafalítið þegar orðið fjölda efnilegra fyrirtækja að fjörtjóni. Eigi hærri hlutfall sprota að verða að vaxtarfyrirtækjum er afnám gjaldeyrishafta algjört forgangsatriði.

*„Við höfum metnaðarfull markmið um framtíð Novellus. Við erum vísindamenn, ekki hagfræðingar, en áttum okkur engu að síður á þeim fjölþættu áskoranum sem gjaldeyrishöft munu leiða til á næstu árum. Til að virkja þá miklu orku og tækifæri sem við sjáum að er til staðar í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum þurfa stjórnvöld að vinna markvisst að lausn þessa vanda. Um leið er mikilvægt að sýna framsýni með frekari eflingu á öðrum sviðum“.*

## Helstu tækifæri til umbóta

- 1 **Afnema þarf gjaldeyrishöft ef nýsköpunarfyrirtæki eiga að geta vaxið og dafnað hérlendis**
- 2 Efla mætti samkeppnissjóði án aukinna fjárútláta hins opinbera í gegnum sameiningu smærri sjóða
- 3 Hærri einstakar styrkveitingar myndu búa fyrirtæki betur undir stökkið úr sprota í vaxtarfyrirtæki
- 4 Nýta ætti skattalega hvata til að efla nýsköpunarsjóði og fjárfestingu í fyrirtækjum á sprotastigi
- 5 5 ára undanþága stofnenda nýsköpunarfyrirtækja frá reiknuðu endurgjaldi myndi styrkja vöxt þeirra
- 6 Hvetja ætti háskólanemendur með beinum og óbeinum hætti til að fara í auknum mæli út í eigin atvinnurekstur







1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki
  - ii. Vaxtarfyrirtæki**
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis
  - v. Samantekt

# Oryx\* er íslenskt vaxtarfyrirtæki sem framleiðir hugbúnað á lækningasviði sem fyrirtækið selur hérlendis og erlendis

Oryx var stofnað árið 2005 af tveimur tölvunarfræðingum. Þeir höfðu starfað um árabíl fyrir íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki sem var lagt niður árið 2004, en hugbúnaðarlausn þess náði ekki nægjanlegum vinsældum til að skapa forsendur fyrir áframhaldandi rekstri. Starfsemi Oryx byggir á þróun hugbúnaðar á lækningasviði, sem fyrirtækið færir sjálft inn í vélbúnað sem það flytur til landsins m.a. frá Kína. Vélbúnaðurinn er þaðan seldur áfram til viðskiptavina hér heima og erlendis.

Árangur fyrirtækisins hérlendis hefur gert því kleift að þróa vöruna áfram, en ljóst er að stærstu markaðirnir fyrir vöru fyrirtækisins eru erlendis. Til að hámarka verðmæti fyrirtækisins stefna eigendur Oryx á að byggja upp sölustarfsemi erlendis á eigin forsendum í stað þess að fela erlendum samstarfsaðila það hlutverk. Samhliða undirbúningi á því verkefni eru stjórnendur fyrirtækisins að meta hvort yfirleitt sé heppilegt að halda meginstarfsemi Oryx hér á landi.

Í dag eru höfuðstöðvar Oryx á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, aðallega tæknimenntað fólk. Heildartekjur árið 2012 námu um 10 milljónum evra og um 66% þeirra tekna komu frá erlendum mörkuðum. Hagnaður nam um 700 þús. evra árið 2012. Af hagnaði greiddi Oryx 140 þúsund evrur í tekjuskatt. Eftir stöðugan vöxt frá stofnun fyrirtækisins er ljóst að frekari frekari tækifæri til vaxtar eru nær eingöngu á erlendum mörkuðum.

Annar stofnandi og framkvæmdastjóri Oryx, Sigríður Magnúsdóttir, metur stöðuna svo:

*„Oryx sinnir markaði sem er stór á alþjóðavísu. Stigvaxandi eftirspurn hér heima og á okkar fyrsta erlenda markaði gefur til kynna að vara fyrirtækisins eigi á erindi inn á fleiri markaði. Til að hasla okkur völl á nýjum mörkuðum þurfum við viðbótarfjármagn sem fylgir bæði þekking á vöruþróun af þessu tagi og markaðstengsl. Aðstæður í hagkerfinu, einkum gjaldeyrishöft, torvelda hins vegar sókn í slíkt fjármagn og hamla því frekari vexti fyrirtækisins. Við erum þó ekki af baki dottin og vonum að breytingar verði á málum í náinni framtíð, frekar en að flytja þurfi fyrirtækið úr landi.“*



# OR Y X

## Helstu rekstrarupplýsingar


### Upplýsingar úr ársskýrslu

2012, milljónir evra

	Rekstrar- kostnaður	R&P	Fjárfesting
Ísland	6	5	1
Erlendis	3	0	1

### Þróun heildarveltu og hagnaðar

Milljónir evra



# Framlag vaxtarfyrirtækja til atvinnusköpunar og aukinna efnhagslegra umsvifa er umtalsvert

Vaxtarfyrirtæki, samkvæmt skilgreiningu OECD, vaxa að meðaltali um 20% á ári yfir þriggja ára tímabil, talið annað hvort í fjölda starfsmanna eða veltu. Miðað er við að fyrirtækin séu með tíu eða fleiri starfsmenn í upphafi tímabilsins. Fjölmörg ríki hafa sett sér stefnur um að fjölga í þessum hópi fyrirtækja. Úttektir sýna að ný störf verða að mjög stóru leyti til í þessum litla hóp fyrirtækja.

Vaxtarfyrirtæki skapa ríflega helming allra nýrra starfa á hverjum tíma þrátt fyrir að vera lítið hlutfall af heildarmengi fyrirtækja (að jafnaði um 3-6% m.v. starfsmannafjölda og 8-12% m.v. veltuaukningu). Vaxtarfyrirtæki finnast innan allra atvinnugreina alþjóðageirans. Vöxturinn snýr einkum að fjölda starfsmanna innan þjónustufyrirtækja en veltu hjá framleiðslufyrirtækjum. Þrátt fyrir að vera af ólíkri stærð og gerð eru þau alla jafnan lítil og meðalstór (um 70% þeirra teljast lítil og 28% meðalstór).

„Miðað við ört vaxandi markað á alþjóðavísu hefur Oryx alla burði til að vaxa hratt og jafnvel komast í hóp íslenskra stórfyrirtækja. Miklum vexti fylgir hins vegar áhætta, enda sýnir sagan að hlutfallslega fá fyrirtæki ná á þann stall. Það er okkar von að Oryx komist í þennan hóp og breikki flóru íslenskra stórfyrirtækja með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir íslenskan vinnumarkað og hagkerfið í heild.“


## Nokkrir þættir eru taldir forsendur velgengni vaxtarfyrirtækja

- **Stærð/aldur:** Vöxtur er meiri hjá minni og yngri fyrirtækjum, sérstaklega í þekkingardrífnum geirum
- **Stofnendur/stjórnendur:** Stofnendur og stjórnendateymi vaxtarfyrirtækja eru iðulega hámenntaðir með viðamikla rekstrarreynslu
- **Markaðsstefna:** Alþjóðleg markaðsstefna og alþjóðleg reynsla stofnenda/stjórnenda eykur vaxtarafköst fyrirtækja
- **Tengslanet:** Vaxtarfyrirtæki hafa betri aðgang að tengslaneti og vaxtarmöguleikar eru meiri innan klasasamstarfs m.a. vegna þekkingasmits frá stærri fyrirtækjum
- **R&P umfang:** Umtalsverður hluti starfsemi og fjárfestinga vaxtarfyrirtækja er helgaður rannsóknar- og þróunarvinnu

## Lágt hlutfall minni fyrirtækja verða að stórum fyrirtækjum

### Hlutfall fyrirtækja eftir stærð

Í Skotlandi árið 2010



# Oryx stefnir á umfangsmikinn vöxt á næstu fjórum árum og lykilspurningin er sú hvort mögulegt sé að ná þeim vexti út frá Íslandi


Frá stofnun hefur Oryx nýtt innlenda fjármögnunarmöguleika. Á fyrstu fjórum árum fyrirtækisins fékk það bæði frumherjastyrk og verkefnastyrk frá Tækniþróunarsjóði. Á svipuðum tíma fjárfesti innlendir nýsköpunarsjóður í fyrirtækinu. Snemma árs 2009 tókst stofnendum fyrirtækisins að fá englafjárfesti frá Svíþjóð til liðs við sig sem hafði reynslu og tengsl þar. Vöxturinn í Svíþjóð lagði grunn að verulegri veltuaukningu Oryx síðastliðin ár.

Nú stefnir félagið hins vegar á nýja markaði til að efla vöxt enn frekar. Horft er til markaða sem eru í örum vexti, en stjórn fyrirtækisins hefur skilgreint 8 lönd, í Asíu, Evrópu og N-Ameríku, sem framtíðarmarkaði. Fyrirtækið ætlar sér að sækja inn á þessa markaði á næstu fjórum árum, m.a. með stofnun dótturfélaga sem tryggir ákveðna nálægð við markaðina.


*„Áætlanir Oryx til næstu ára eru metnaðarfullar en haldast í hendur við markaðsþróun í þessum löndum. Þar sem kaupendur eru bæði stórir og fáir á hverjum markaði þurfum við að hafa tiltölulega hraðar hendur til að verða ekki undir í samkeppninni og staðna til lengri tíma. Til þess þurfum við umtalsvert viðbótarfjármagn og um leið tengsl inn á þessa markaði. Aðstæður á Íslandi gera það hins vegar að verkum að við þurfum að velta við öllum steinum í undirbúningi næstu skrefa í rekstri Oryx.“*

## Framtíðarmarkmið Oryx kalla á umfangsmiklar breytingar í rekstri fyrirtækisins

### Fjármagnssamsetning Oryx í dag



### Uppruni tekna Oryx



### Rekstrarmarkmið Oryx til næstu fjögurra ára snerta alla þætti rekstrarins en ákveðnar lykilforsendur þurfa að vera til staðar svo þau náist

#### Rekstrarmarkmið

- Þreföldun tekna
- Átta nýir markaðir
- Tvær nýjar vörulínur
- Gjaldeyrisfjármögnun uppá 2 ma. kr. og vissa um viðbót uppá 1 ma. kr.

#### Forsendur

- Reyndir stjórnendur
- Sérhæfð þekking og tengsl inn á nýja vaxtarmarkaði
- Erlendir fagfjárfestar í hluthafahópinn

# Innlendir valkostir haldast illa í hendur við þörf Oryx fyrir fjársterka hluthafa með þekkingu á vörunni og viðkomandi mörkuðum

Lykilþáttur í auknum vexti hugvitsdrifinna útflutningsfyrirtækja felst í aðgengi að nýjum og stærri mörkuðum. Þetta á einkum við á Íslandi vegna smæðar heimamarkaðarins. Fjármagnsþörf vaxtarfyrirtækja er því alla jafna talsverð enda nauðsynlegt að fjárfesta í rannsóknar- og þróunarstarfi samhliða innreið á nýja markaði. Þar sem tekjuöflun er takmörkunum háð á fyrstu árum þarf að sækja þetta fjármagn til utanaðkomandi aðila.

Til að ná fótfestu er heppilegast að fjárfestum fylgi sérhæfð þekking á þeim mörkuðum sem fyrirtækið sækir á. Slíkri þekkingu fylgja gjarnan tengsl sem auðvelda þeim að hasla sér á nýjum markaðs-svæðum. Eiginleikar fjárfesta skipta því sköpum á þessu stigi.

*„Fyrir Oryx er ljóst að lykillinn að hröðum vexti erlendis byggir í jafn ríkum mæli á aðgengi að fjármagni og þekkingu á viðkomandi mörkuðum. Fjármögnun í gegnum hlutabréfamarkaði eða hefðbundna íslenska fjárfesta fylgir alla jafna aðeins annar þessara þátta og er auk þess kostnaðarsöm. Þá eru nýsköpunarsjóðir takmarkaðir hvað varðar fjárfestingargetu og svokallaðir englafjárfestar með nauðsynlega þekkingu eru af skornum skammti. Það er því ljóst að það getur skipt sköpum fyrir Oryx að fá erlenda fjárfesta inn í hluthafahópinn.“*

	Þekking á mörkuðum	Fjárhagslegt bolmagn	Samskipti- og upplýsingagjöf	Hentar hluthafi Oryx?
Englar				
Lífeyrissjóðir/ framtakssj.				
Nýsköpunar- sjóðir				
First North				
Erlendir fjárfestar				

Að litlu leyti   
 Að einhverju leyti   
 Að öllu leyti


# Erlendir fjárfestar hafa áhuga á að koma inn í hluthafahóp Oryx en gjaldeyrishöftin og flækjustig þeirra skapa vantraust

Til þess að geta fá erlenda fjárfesta inn í hluthafahóp íslenskra fyrirtækja þurfa þónokkrir þættir að vera til staðar. Hæfir eigendur og starfsmenn, trúverðug viðskiptaáætlun og samkeppnishæf vara eru grundvallarforsendur. Því til viðbótar skiptir miklu máli að það rekstrarumhverfi sem fyrirtækin starfa innan setji ekki óþarfar skorður. Til þess þarf lagaumgjörðin að vera skilvirk og í samræmi við alþjóðleg viðmið, stofnanaumhverfið traust og efnahagsumhverfið stöðugt.

Stærsta hindrun vaxtarfyrirtækja sem hyggja á öflun erlends fjármagns eru án efa gjaldeyrishöftin. Erlend lántaka og fjárfesting eru almennt óheimil undir höftum og til að njóta almennrar undanþágu frá þeim þurfa bæði 80% af tekjum og gjöldum fyrirtækis að vera í erlendum gjaldmiðlum.

*„Við hjá Oryx höfum, eins og aðrir, rekið okkur á að þrátt fyrir að ferlarnir við að flytja erlent fjármagn til Íslands séu tiltölulega skilvirkir þá skapar tilvist haftanna vantraust sem erfitt er að yfirstíga í viðræðum við áhugasama fjárfesta. Í þeirra augum auka höftin á áhættu fjárfestingarinnar og hækka því verulega ávöxtunarkröfu eða koma einfaldlega í veg fyrir að af henni verði. Þetta er eitthvað sem samkeppnisaðilar okkar erlendis þurfa ekki að hafa áhyggjur af í sinni fjármögnun.“*

## Ólíkir valkostir við erlenda fjármögnun taka mislangan tíma



# Höftin skerða jafnframt möguleika Oryx á að nýta fjármagn frá erlendum fjárfestum í uppbyggingu erlendis

Þrátt fyrir að ferlar við að koma fjármagni til landsins séu ágætlega skilgreindir og tiltölulega skilvirkir þá er ljóst að höftin þrengja verulega svigrúm til að nýta fjármagnið við erlenda uppbyggingu.

Vaxtarfyrirtæki standa jafnvel enn verr að vígi en stór innlend fyrirtæki sem þegar eru með viðamikinn rekstur erlendis. Slík fyrirtæki hafa frekar tækifæri til að afla almennrar undanþágu frá höftunum, sem dregur í einhverjum mæli úr þeim vandamálum sem höftin skapa.

Ráðstöfunarmöguleikar fyrirtækja á erlendu eiginfjárframlagi eru verulega skertir ef almenn undanþága er ekki til staðar. Sú staðreynd að dótturfélög viðkomandi fyrirtækja eru jafnframt talin skilaskyld, ef framkvæmdastjórn þeirra er hér, skapar enn frekari áskoranir í þessu samhengi. Þá er ótalinn kostnaður og almenn fyrirhöfn við að starfa undir höftum, með tilheyrandi umsýslu vegna undanþágubeiðna.

*„Fyrirtækjum eins og Oryx eru settar þröngar skorður við að nýta erlent fjármagn, sem fengist til landsins þrátt fyrir höftin, í uppbyggingu erlendis. Þá eru undanþágur þungar í vöfum og ósamræmis gætir við afgreiðslu þeirra. Við höfum því óhjákvæmilega þurft að skoða það að flytja höfuðstöðvar Oryx erlendis til að viðhalda samkeppnishæfni fyrirtækisins gagnvart erlendum keppinautum til lengri tíma.“*

## Ráðstöfunarmöguleikar Oryx á erlendu eiginfjárframlagi\*

### Innlendur rekstur

- Skilyrði útboðsleiðarinnar er að fjármunum sé varið til fjárfestinga innanlands, en innlendur rekstur vegna vöruþróunar getur þó uppfyllt skilyrðin að fenginni staðfestingu Seðlabankans
- Með fjármagni sem aflað er í gegnum nýfjárfestingarleiðina er almennt aukið svigrúm til nýtingar fjármuna s.s. til innlands rekstrar



### Erlend fjárfesting

- Afla þarf undanþágu frá höftum óháð leiðum við flutning fjármagns til landsins



### Erlendur rekstur, t.d. skrifstofa

- Sömu skilyrði og vegna innlands rekstrar, þ.e. óheimilt innan útboðsleiðar en aukið svigrúm innan nýfjárfestingarleiðar



### Stofnun dótturfélags erlendis

- Afla þarf undanþágu frá höftum. Þar er skoðað hvort tilgangurinn muni að endingu hafa jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarinnar
- Getur verið háð skilyrðum, s.s. upplýsingaskyldu
- Aflaðs fjármagns er skipt í íslenskar krónur við flutning til landsins og nýtist því ekki við fjármögnun dótturfélags
- Erlenda dótturfélagið er talið skilaskyldt ef raunveruleg framkvæmdastjórn er héraðs og/eða ef um íslensk utanríkisviðskipti er að ræða



- Óheimilt
- Heimilt
- Mögulegt

# Oryx þarfnast stjórnenda með þekkingu og rekstrarreynslu en er ekki í aðstöðu til að bjóða sömu kjör og stór fyrirtæki hérlendis eða erlendis

Þar sem núverandi eigendur og stjórnendur hafa takmarkaða rekstrarreynslu, sér í lagi á erlendum mörkuðum, skortir þekkingu og reynslu inn í fyrirtækið til að fylgja uppbyggingaráætlunum þess eftir. Oryx þarf því að ráða stjórnendur með alþjóðlega reynslu af fjármálum og markaðsmálum. Heppilegast væri að finna einstaklinga sem hafa menntað sig og starfað á erlendra grundu.


Háskólakerfið virðist skapa nægt framboð af slíkum einstaklingum og talsverður hluti þeirra sækir frekari menntun erlendis. Þó sýna tölfræðigögn ekki hversu margir þeirra snúa aftur. Oryx, eins og önnur vaxtarfyrirtæki, er hins vegar ekki í góðri aðstöðu til að keppa um stjórnendur á grundvelli kjara.

*„Við þurfum reynda stjórnendur til að leiða uppbyggingaráætlun fyrirtækisins. Þessir einstaklingar eru til staðar, en við getum illa keppt við rótgróin fyrirtæki á grundvelli kjara. Við myndum því vilja bjóða slíkum einstaklingum hlutabréf eða valrétti og gefa þeim þannig færi á að hagnast samhliða velgengni fyrirtækisins. Skattlagning slíkra hlunninda er aftur á móti óhagstæð og í mörgum tilfellum óskýr. Þá er ljóst í tilviki erlendra aðila að greiðsla í formi hlutabréfa í íslenskum krónum er lítt ákjósanleg enda óvíst hvort flytja megi launin úr landi við starfslok vegna gjaldeyrishafta.“*

## Mikill fjöldi hefur lokið framhaldsnámi í viðskiptagreinum síðastliðin 4 ár


### Uppsafnaður fjöldi útskrifaðra

Samanlagt úr HÍ og HR



### Hlutfall erlendis

2013




- Af þeim 2.149 sem voru við nám á þessum sviðum árið 2013 voru 16% í námi erlendis

## Ívilnanir v/ hlutafjár myndu gera vaxtarfyrirtæki álitlegri kost fyrir hæfa stjórnendur\*

### Skattar & gjöld

### Í dag

### Tillaga VTR



**Kostnaður vinnuveitanda (líf.sj. og tr.gj.) í báðum tilfellum 784.500 kr.**



# Aukin vissa um skattalega meðferð tekna af ólíkum uppruna myndi greiða fyrir vexti Oryx á erlendum mörkuðum

Fyrirtæki í erlendri starfsemi standa gjarnan frammi fyrir skattalegri óvissu um meðferð tiltekinna tekna. Sem dæmi gæti tvísköttunarsamningur ekki verið til staðar eða að hann taki ekki á öllum tegundum tekna.

Miklu skiptir að í slíkum tilvikum sé unnt að afla staðfestingar á skattalegri meðferð teknanna, enda gæti það riðið baggamuninn um hagkvæmni tiltekinna viðskipta. Fyrir minni fyrirtæki geta stakir samningar haft hlutfallslega mikil áhrif á tekjustreymi þeirra. Hérlandis hefur töluvert skort á möguleika fyrirtækja til að afla sér slíkrar vissu, ólíkt því sem gerist víða erlendis. Er það bæði vegna tregðu skattayfirvalda (RSK) til að veita svokölluð bindandi álit og vegna skorts á gagnsæi sem leiðir af því að aðeins hluti af úrskurðum skattayfirvalda er birtur opinberlega.

*„Uppbyggingaráætlun Oryx gerir ráð fyrir uppruni tekna fyrirtækisins verði í níu ólíkum löndum en nokkur þeirra eru ekki með tvísköttunarsamning við Ísland. Hættan á tvísköttun flækir því alla samningsgerð við væntanlega kaupendur. Við þekkjum nokkur tilvik þar sem RSK hefur ekki svarað beiðnum um bindandi álit og dæmi er um að bréf sem staðfestir undanþágu frá skattskyldu hafi verið afturkallað ári síðar með kröfu um að skattur sé greiddur hérlandis. Ef Oryx hefði lent í þeirri stöðu hefðum við þurft að endursemjja við þann aðila, með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.“*

## Torsótt ferli við mat á skattlagningu skekkir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja

### Raundæmi frá íslensku fyrirtæki A:

**Ágúst 2011:**  
Beiðni um bindandi álit sent til RSK

1

**September 2011:**  
Bréf barst og tekjur sagðar undanþegnar skattskyldu

2

**Júlí 2012:**  
Bindandi álit birt vegna beiðni annars fyrirtækis um svipað álitamál

3


Í tilviki Oryx yrði að endursemjja við dótturfélag erlenda aðilans í landi með gildan tvísköttunarsamning

4

**Lok júlí 2012**  
Bréf til A afturkallað, tekjur skattskyldar hér

## Gera þarf íslenskum skattayfirvöldum kleift að fylgja fordæmi annarra ríkja

### Fjöldi bindandi álita\*



*“Perhaps the most significant incentive in the Netherlands for international firms is the willingness of the Dutch Tax Authorities to provide advance tax rulings on proposed transactions.”*

– Taxation and Investments in Netherlands 2011, Deloitte

# Fyrirkomulag tolla veldur því að Oryx þarf að binda umtalsverða veltufjármuni vegna virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda

Fjölmörg innlend fyrirtæki flytja inn aðföng og fullvinna vörur hérlendis sem eru loks fluttar aftur úr landi og seldar erlendis. Er það iðulega hagkvæmara en framleiða þær frá grunni hérlendis, jafnvel þó því fylgi aukinn flutningskostnaður.


Til að auðvelda fyrirtækjum af þessum toga að staðsetja sig hér á landi er mikilvægt að ferlar við innflutningi aðfanga til vinnslu hérlendis og útflutnings á helstu markaðssvæði séu skilvirkir. Farnist það vel mun hugvitsþáttur vöruþróunar, sem iðulega eru mest virðisaukandi störf, þrífast betur hérlendis. Hægt er að gera miklar umbætur á þessu sviði með litlum tilkostnaði.

*„Oryx flytur inn vélbúnað, hleður hugbúnaðinum inn á tækin og flytur megnið af þeim aftur á erlenda markaði. Í dag þarf að tolla vélbúnaðinn inn og greiða öll gjöld sem síðar fást endurgreidd, en það getur tekið nokkrar vikur og jafnvel mánuði. Þetta felur í sér umtalsverða bindingu veltufjármuna fyrir ekki stærra félag en Oryx. Auk þess höfum við þurft að ráða starfsmann til að halda utan um þessi mál með tilheyrandi kostnaði. Það hlýtur að mega einfalda þetta til hagsbóta fyrir bæði tollayfirvöld og fyrirtæki. Í þessu sambandi mætti t.a.m. auðvelda fyrirtækjum að koma upp tollfrjálsum svæðum. Þetta er auðvitað ekki stórt mál í heildarsamhengi en endurspeglar ákveðna skekkju í uppbyggingu kerfa hérlendis.“*

## Oryx hefur þurft að binda mikla veltufjármuni vegna virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda

### Fjárbinding Oryx vegna tveggja sendinga í jan. og feb\*

Greiðsluferli, milljónir króna



- Oryx greiddi um 110m.kr. í VSK og 30m.kr. í aðflutningsgjöld í fyrra
- VSK fæst endurgreiddur 15-35 dögum eftir lok hvers VSK tímabils
- Greidd aðflutningsgjöld fást ekki endurgreidd fyrir en við útflutning
- Fjárbinding Oryx er því um 28m.kr. á hverju VSK tímabili
- Árlegur kostnaður nemur 6m.kr. við eitt stöðugildi við umsýslu gjalda



# Neikvætt viðhorf til mistaka í rekstri dregur enn frekar úr hvata frumkvöðla og eigenda fyrirtækja eins og Oryx til að láta að sér kveða


Úttektir sýna að helsti ótti einstaklinga við að stofna fyrirtæki er hættan á gjaldþroti. Þessi hættan virkar því sem hindrun á nýliðun fyrirtækja. Þetta er bagalegt enda frumkvöðlastarf mikilvægur þáttur verðmæta- og atvinnusköpunar. Þetta á ekki síst við um þá sem stofnað hafa fyrirtæki sem af hverjum ástæðum hefur mistekist. Þessir einstaklingar búa gjarnan yfir þekkingu og reynslu, m.a. vegna fyrri mistaka, sem getur reynst frjósamur jarðvegur verðmætasköpunar.

Innan ESB hefur áttak verið í gangi þar sem hvatt er til umbóta m.a. á gjaldþrotaferlum til að auðvelda heiðvirdum frumkvöðlum að hefja aftur atvinnurekstur. Er þarf horft til þess að slík fyrirtæki vaxa öllu jafnan hraðar bæði í veltu og fjölda starfa. Átakinu er ekki ætlað að ýta undir sviksama hegðun, s.s. kennitölulflakk, enda slík starfsemi einungis talin liggja að baki 4-6% gjaldþrota. Ennfremur er augljóslega ekki stefnt að því að takmarka rétt kröfuhafa til fullnustu krafna. Þessu átaki hefur að litlu leyti verið fylgt héraendis.


*„Ef við stofnendurnir ætlum að njóta framtíðar-verðmætasköpunar fyrirtækisins til fulls, þurfum við að setja meiri fjármagn í reksturinn og samhliða veita frekari tryggingar í okkar eignum. Það eitt og sér er áhættusamt en við bætist neikvætt viðhorf héraendis til mistaka í rekstri og lakara gjaldþrotaferli en víða annars staðar. Þessu væri gott að taka á.“*

## Íslendingar eru í minna mæli hlynntir því að frumkvöðlar fái annað tækifæri


Aukning í fjölda gjaldþrota  
2009 m.v. 2007



Fólk sem hefur mistekist í rekstri ætti að fá annað tækifæri (2009)



## Frumkvöðlum sem hefur mistekist að minnsta kosti einu sinni gengur almennt betur



*“Research shows that businesses set up by re-starters grow faster than businesses set up by first timers in terms of turnover and jobs created.”*

- A second chance for entrepreneurs, ESB 2011

# Heilt á litið telja stofnendur Oryx umhverfi vaxtarfyrirtækja hérlendis sé með lakara móti en þar ráða gjaldeyrishöftin mestu

Eins og dæmisagan af Oryx ber með sér eru forsendur íslenskra vaxtarfyrirtækja til að ná fótfestu á erlendum mörkuðum með lakara móti.

Þrátt fyrir að menntakerfið skapi talsvert magn af rekstrarmentuðu fólki, sem hefur jafnvel aflað sér reynslu erlendis, hafa vaxtarfyrirtæki síður möguleika til að keppa um þá á grundvelli kjara. Þá taka hvorki tolla- né skattkerfið nægjanlegt tillit til þarfa smærri alþjóðafyrirtækja hvað varðar ferla og fyrirsjáanleika.

Innlent fjármögnunarumhverfi er jafnframt einungis að hluta til í stakk búið til að styðja við vöxt þeirra, bæði hvað varðar fjármagn og þekkingu á erlendum mörkuðum. Í þökkabót gera gjaldeyrishöftin erlent fjármagn sem þó fæst til landsins að mestu ónothæft til vaxtar erlendis. Verði engin breyting í því samhengi verður Ísland vart meira en stökkpallur fyrir verðandi vaxtarfyrirtæki til annarra landa. Þetta myndi draga verulega úr mengi stórfyrirtækja sem hér gætu orðið til.

*„Ísland hefur margt fram að færa hvað snertir rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og Oryx, s.s. tiltölulega hagfellt skattkerfi og hæfan mannauð. Það þarf þó margt að bæta og þar standa gjaldeyrishöftin upp úr. Við gætum unað við afmarkaðar áskoranir, en til að forsendur séu fyrir uppbyggingu fyrirtækisins þarf að afnema höftin. Að öðrum munum við standa halloka gagnvart keppinutum eða neyðast til að flytja starfsemina annað.*

## Helstu tækifæri til umbóta

- 1 **Afnema þarf gjaldeyrishöft ef vaxtarfyrirtæki eiga að geta þrífist hérlendis**
- 2 Rýmka þarf heimildir vaxtarfyrirtækja til að nýta erlent fjármagn til erlendar uppbyggingar þar til höft eru afnumin
- 3 Auka þarf alla upplýsingagjöf um ferla innan gjaldeyrishafta
- 4 Breyta mætti fyrirkomulagi skattlagningar hlutabréfa starfsmanna í vaxtarfyrirtækjum
- 5 Gera þarf skattayfirvöldum kleift að auka verulega útgáfu bindandi álita og efla leiðbeiningarhlutverk sitt
- 6 Koma ætti á laggirnar tollfrjálsu svæði til að fullvinna vörur til útflutnings og einfalda greiðsluferla
- 7 Skoða mætti breytingar á gjaldþrotalögum til að auðvelda frumkvöðlum að hefja aftur rekstur þrátt fyrir fyrri mistök



1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki
  - ii. Vaxtarfyrirtæki
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki**
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis
  - v. Samantekt

# Magna\* er íslenskt fyrirtæki sem framleiðir og selur hátæknibúnað til sjávarútvegsfyrirtækja í um 25 löndum

Magna var stofnað árið 1990 af tveimur verkfræðingum sem höfðu starfað um langt skeið fyrir íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki. Starfsemin var upphaflega byggð á framleiðslu tæknilausnar sem dró úr kostnaði við dragnótaveiðar. Í fyrstu var framleiðslunni beint að innlendum sjávarútvegsfyrirtækjum en í gegnum frekari þróun sköpuðu tæknilegir yfirburðir vörunnar grundvöll fyrir alþjóðlegri markaðssetningu.

Fyrirtækið hefur breikkað vörulínu sína á undanförunum tveimur áratugum í gegnum rannsóknar- og þróunarstarf og yfirtökur á erlendum fyrirtækjum í sambærilegri starfsemi. Í dag býður fyrirtækið upp á breiða línu tækjabúnaðar fyrir veiðar og vinnslu á skipum af ólíkum stærðum og gerðum.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi og það er skráð á markað í Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland). Hjá fyrirtækinu starfa um 2.500 manns, þar af um 400 á Íslandi. Heildartekjur árið 2012 námu um 400 milljónum evra og um 95% þeirra tekna urðu til á erlendum mörkuðum. Hagnaður nam 28 milljónum evra árið 2012 en af honum greiddi Magna 4,5 milljónir evra í tekjuskatt.

Eftir hraðan vöxt á fyrsta áratug þessarar aldar hefur tekjuvöxtur fyrirtækisins staðnað á undanförunum árum. Núverandi forstjóri, Bergur Einarsson, hefur starfað fyrir Magna í um 10 ár, fyrst sem framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs og síðar sem forstjóri. Hans mat á núverandi stöðu er eftirfarandi:

*„Magna starfar á markaði sem býður upp á umtalsverð tækifæri til frekari vaxtar. Undanfarin ár hefur talsverð samþjöppun átt sér stað á meðal keppinauta okkar, en vegna gjaldeyrishafta hefur ekki gefist færi á að taka þátt í þeirri þróun og Magna hefur dregist aftur úr keppinautum í markaðshlutdeild. Við höfum mikinn hug á því að Magna verði áfram íslenskt fyrirtæki með meginhluta starfsemi sinnar héraðs. Gjalddeyrishöft, skortur á sérhæfðu starfsfólki og takmarkaðir hvatar til rannsóknar- og þróunarstarfs gera okkur þó erfitt um vik. Þetta viljum við gjarnan sjá breytast.“*



## MAGNA

### Helstu rekstrarupplýsingar


#### Upplýsingar úr ársskýrslu

2012, milljónir evra

	Rekstrar-kostnaður	Þar af R&B-kostnaður	Fjárfesting
Ísland	80	10	15
Erlendis	270	25	35

#### Þróun heildarveltu og hagnaðar

Milljónir evra



# Stærri fyrirtæki alþjóðageirans mæta jákvæðu viðhorfi en vegna áskorana í rekstrarumhverfi hefur hluti af starfsemi þeirra færst úr landi

Flest bendir til að almenn jákvæðni ríki í garð stórfyrirtækja innan alþjóðageirans og að Íslendingar vilji sjá þessi fyrirtæki vaxa og dafna hér á landi.




Markmið stjórnvalda í þessu samhengi hlýtur að vera tvíþætt. Annars vegar stuðla að því að vöxtur í arðbærustu hlutum starfseminnar eigi sér stað á Íslandi og hins vegar að sem flest þeirra sjái sér hag í því að halda höfuðstöðvum á Íslandi. Þannig má hámarka skatttekjur og fjölda arðbærra starfa sem stærri alþjóðleg fyrirtæki skapa í íslensku hagkerfi.

Þar sem fyrirtæki alþjóðageirans eru ekki bundin við náttúruauðlindir og þjónustu á íslenskum markaði eru þau hreyfanlegri en ella. Það er því afar mikilvægt að íslenskt rekstrarumhverfi standist samanburð við önnur vestræn ríki.

*„Við höfum kosið að líta á gjaldeyrishöftin sem tímabundið ástand fram að þessu. Það er nokkuð ljóst að við þurfum að endurskoða umfang og eðli starfseminnar hérlendis ef ekki verður unnið á þeim vanda á allra næstu misserum.“*

*Ég undrast þó að stjórnvöld hafi ekki lagt ríkari áherslu á að gera enn betur á öðrum sviðum meðan unnið er að lausn haftamála. Þannig mætti draga tímabundið úr líkum þess að alþjóðleg fyrirtæki, líkt og Magna, flýi haftaumhverfið með flutningi á starfsemi sinni.“*

## Stærri fyrirtæki alþjóðageirans hafa komið vel útúr viðhorfskönnunum

	<u>2013</u>	<u>2012</u>	
	<b>Össur</b>	<b>Össur</b>	▪ Þrátt fyrir að vera að litlu leyti á íslenskum neytendamarkaði hafa Össur, Marel og önnur alþjóðleg stórfyrirtæki verið ofarlega á lista yfir vinsælustu fyrirtæki landsins í úttekjum Frjálsrar verslunar
	<b>Marel</b>	<b>Marel</b>	
	<b>Icelandair</b>	<b>Icelandair</b>	

## Mörg stærri fyrirtæki hafa fært starfsemi sína fjær íslenskum fjármálamörkuðum



# Líkt og mörg fyrirtæki í alþjóðageiranum óx Magna hratt á árunum fyrir hrun en töluvert hefur dregið úr vextinum eftir innleiðingu gjaldeyrishafta

Stærðarhagkvæmni í framleiðslu og breitt sölunet getur skipt sköpum fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni.

Þannig opnuðu yfirtökur á erlendum keppinautum og fyrirtækjum í tengdri starfsemi nýja markaði fyrir Magna. Samhliða gerðu þær fyrirtækinu kleift að lækka framleiðslukostnað umtalsvert. Ef fyrirtækið hefði ekki tekið þessa stefnu eru yfirgnæfandi líkur á því að það hefði orðið undir í samkeppni eða tekið yfir af stærri aðila á markaði.


Undanfarin ár hefur ytri vöxtur Magna staðnað, enda aðgengi að fjármagni verulegar skorður settar vegna gjaldeyrishafta. Þessi þróun er ekki ósvipuð hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum á Íslandi.

*„Aðstæður til vaxtar hafa verið mun erfiðari upp á síðkastið. Nú er svo komið að lánsfjármagn okkar er nær eingöngu sótt á erlenda markaði, en þar sem félagið er skráð á Íslandi höfum við ekki aðgengi að hlutfé í erlendri mynt.“*

*Við höfum náð að viðhalda markaðshlutdeild okkar með sterkri rannsóknar- og þróunarvinnu en það er alveg ljóst að við höfum orðið af umtalsverðum tækifærum til vaxtar vegna skerts aðgengis að fjármagni.“*

## Þróun á veltu fyrirtækisins

Milljónir evra, 2000-2012



- Vöxtur í tekjum var að mestu drifinn af breikkun vörulínu og sölu á nýjum mörkuðum
- Samhliða sterkum innri vexti tók fyrirtækið yfir tvo samkeppnisaðila. Annar þeirra var talsvert stærri en Magna.
- Fyrirtækið hefur náð að viðhalda markaðshlutdeild sinni, en vöxtur hefði getað verið mun meiri með betra aðgengi að fjármagni



# Skert vaxtargeta kemur ekki aðeins niður á hluthöfum heldur dregur hún verulega úr þeim ábata sem Magna gæti skilað íslensku samfélagi á komandi árum

Eins og áður hefur komið fram opna yfirtökur á erlendum mörkuðum söluleiðir og gera fyrirtækjum kleift að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri. Reynslan hefur ennfremur sýnt að ytri vöxtur íslenskra rekstrarfyrirtækja á erlendra grundu skapar forsendur fyrir auknum umsvifum innanlands. Síðustu 10 ár hefur fjöldi íslenskra starfsmanna vaxið hratt hjá þessum fyrirtækjum auk þess sem þau hafa skilað ýmsum öðrum samfélagslegum ábata.


Horft fram á veginn fælust mikil tækifæri í frekari vexti þessara fyrirtækja. Ef rétt væri haldið á spilunum myndi verðmætustu störfunum fjölga hérlandis, t.a.m. í yfirstjórn og R&D. Auk þess greiðist tekjuskattur af allri erlendra starfsemi hérlandis, að því gefnu að höfuðstöðvar flytjist ekki úr landi.

*„Jákvæð áhrif íslensks samfélags af örum vexti Magna eru ótvíræð. Mörg hundruð eftirsóknarverð störf hafa orðið til. Kaup okkar á vörum og þjónustu innanlands hafa margfaldast og greiddur tekjuskattur síðasta árs var átta sinnum hærri en fyrir 10 árum. Við erum stolt af því sem starfsemi hefur skilað íslensku samfélagi og jafnframt þakklát fyrir þann velvilja sem fyrirtækið nýtur. Við viljum gjarnan halda áfram uppbyggingu á kjarnastarfsemi innan íslenskrar lögsögu en rekstrarskilyrði hérlandis skerða verulega getu fyrirtækisins til frekari vaxtar.“*

## Vöxtur Magna síðastu 10 ár hefur skilað miklum ábata til íslensks samfélags

	Próun rekstrar	2002*	2012	Breyting
<ul style="list-style-type: none"> <li>Heildarumsvif Magna hafa aukist gríðarlega síðasta áratug</li> </ul>	Heildarvelta (ma.kr)	15.000	85.000	↑ 5.67x
	Heildarfjöldi starfsmanna	500	3.000	↑ 4.00x
<ul style="list-style-type: none"> <li>Þrátt fyrir að stærsti hluti ytri vaxtar hafi átt sér stað erlendis hefur hann skapað forsendur fyrir auknum umsvifum og skattekjum á Íslandi</li> </ul>	Starfsmenn á Íslandi	200	500	↑ 2.50x
	Launat. gjöld á Íslandi (m.kr.)	1.500	4.000	↑ 2.67x
	Keypt þjón. á Íslandi (m.kr.)	300	1000	↑ 3,50x
	Tekjuskattur (m. kr.)	200	1.600	↑ 8,00x

## Svipuð þróun hefur átt sér stað hjá Össuri og Marel síðasta áratuginn\*\*



# Talsverð hættu er á að Magna verði undir í alþjóðlegri samkeppni ef fyrirtækið getur ekki tekið þátt í samþjöppun innan greinarinnar

Samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum er hörð og markaðsaðstæður breytast ört. Undir þeim kringumstæðum er mikilvægt að fyrirtæki búi yfir sveigjanleika og aðlögunarhæfni.


Þegar markaðir með tiltekna vörur eða þjónustu samtvinnast og þroskast er algengt að fyrirtæki innan þeirra stækki og þeim fækki. Samþjöppun af þessu tagi á sér stað af ýmsum ástæðum, s.s. vegna kostnaðarhagræðis, aðgengis að mörkuðum og aðgengis að tækninýjungum. Til að verða ekki undir í harði samkeppni þurfa fyrirtæki að geta tekið þátt í slíkri þróun. Sveigjanleiki til fjárfestinga á erlendum mörkuðum getur því skipt sköpum. Íslensk fyrirtæki standa höllum fæti hvað þetta varðar.

*„Síðustu fimm ár hefur talsverð samþjöppun átt sér stað á meðal helstu samkeppnisaðila okkar. Eftir því sem Magna verður smærra í samanburði við stærstu aðilana dregur úr hlutfallslegri kostnaðarhagkvæmi fyrirtækisins. Við höfum færst úr því að vera stærstir á okkar sviði yfir í fjórða sætið.“*

*Meginvandamál okkar felst í aðgengi að hlutafé í erlendri mynt. Fyrirtækið er skráð á Íslandi og höft setja erlendum fjárfestingum verulegar skorður. Aukin skuldsetning er að svo stöddu einungis raunhæfur möguleiki samhliða hlutafjárúkningu.“*


## Magna hefur misst af tækifærum til að taka þátt í samþjöppun á markaði...

### Skipting markaðshlutdeildar



- Aðilum á markaði hefur fækkað umtalsvert vegna samruna og yfirtaka
- Helstu keppinautar Magna hafa stækkað mikið
- Magna hefur misst af ýmsum ábatasömum fjárfestingarverkefnum

## ...enda hefur fyrirtækið lítinn sveigjanleika við fjármögnun erlendra fjárfestinga



- Undanþágu þarf frá Seðlabankanum til að skipta krónum yfir í gjaldeyri til fjárfestingar
- Leyfi þarf frá Seðlabankanum fyrir tvískráningu
- Starfsemin er upprunin á Íslandi og stjórnendur vilja síður flytja eða selja Magna

# Ætli fyrirtæki í sömu stöðu og Magna að sækja sér hlutafé til erlendra fjárfestinga eru einu kostirnir flókin og kostnaðarsöm tvískráning eða flutningur úr landi

## Öflun hlutafjár til erlendra fjárfestinga

### 1 Innlent hlutafé

- Það er einfalt mál fyrir skráð fyrirtæki að sækja krónur með hlutafjárútboði
- Krónur gagnast hins vegar ekki við erlenda fjárfestingu og því þarf að sækja um undanþágu hjá Seðlabankanum til að skipta krónum í erlendan gjaldeyri
- Yfirtökur eru í mörgum tilfellum afar tímanæmar og oft ríkja strangar kvaðir um meðferð gagna. Undanþáguferli krefst tíma og aðgengis Seðlabankans að viðkvæmum gögnum
- Ólíklegt er að undanþága fáiast þegar um háar upphæðir er að ræða og erfitt að sýna með óyggjandi hætti að fjárfestingin hafi bein jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarinnar

### 2 Tvískráning

- Skráning í erlenda kauphöll gerir fyrirtækjum kleift að gefa út hlutafé í erlendri mynt samhliða þeirri innlendu
- Ítarlegt samráð þarf að hafa við Seðlabankann til þess að fá leyfi til tvískráningar
- Ef skilyrði Seðlabankans reynast ekki of íþyngjandi getur tvískráning skapað svigrúm til erlendra fjárfestinga
- Það eru þó ýmsir gallar við þessa leið:
  - Kostnaður og óvissa tengd skráningarferli
  - Umsýslukostnaður eftir skráningu
  - Kvöð á að gefa út hlutafé í krónum innanlands samhliða hlutafé erlendis
  - Misræmi í verðmyndun sem getur mismunað hluthöfum eftir staðsetningu

### 3 Flutningur eða sala

- Ef fyrirtækið myndi flytja heimilisfesti erlendis eða yrði selt erlendum aðila, stæði það augljóslega jafnfætis gagnvart samkeppnisaðilum hvað varðar öflun hlutafjár til erlendra fjárfestinga
- Umstang og óhagræði við að flytja stórt rótgróið fyrirtæki er hins vegar mikið
- Leiða má að því líkum að hluthafar muni bera skarðan hlut frá borði ef höftin ein og sér valda því að fyrirtækið flytur sig um set
- Því til viðbótar verður hagkerfið fyrir miklum missi þegar svo umsvifamikið fyrirtæki flytur úr landi

# Undir eðlilegum kringumstæðum ætti tvískráning hlutabréfa Magna í erlendri kauphöll að vera tiltölulega einföld...

Auðvelt er fyrir stórt rótgróið alþjóðafyrirtæki, líkt og Magna, að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir skráningu í kauphallir nágrannalöndanna. Magna hefur þegar þurft að uppfylla sambærileg skilyrði fyrir skráningu í NASDAQ OMX Iceland.

Ferlið við skráninguna erlendis ætti sömuleiðis, undir eðlilegum kringumstæðum, að vera tiltölulega einfalt og fljótlegt. Fyrst hæfust viðræður stjórnenda Magna og forsvarsmanna viðkomandi kauphallar. Að þeim loknum væri formleg umsókn lögð inn. Meðan umsóknin lægi fyrir afgreiðslu væri nauðsynlegum upplýsingum komið til fjármálaeftirlits viðkomandi lands og því næst hæfist markaðssetning fyrir frumútboðið erlendis. Að lokum þegar samþykki erlendu kauphallarinnar lægi fyrir væri hægt að hefja skráningu á markað.

*„Fyrir tveimur árum hittum við aðila frá kauphöllinni í Oslo (Børs) á kynningarfundum á Íslandi. Við fórum nokkuð vel yfir þessi mál og komumst fljótt að því að Magna lýtur öllum skilyrðum þess að vera skráðir í Børs. Ennfremur fullvissuðu forsvarsmenn kauphallarinnar okkur um að afgreiðsluferlið við skráninguna gæti gengið hratt fyrir sig. Við töldum þetta valkost sem væri vert að kanna nánar í ljósi þess að aðgengi okkar að hlutafé í erlendri mynt hefur verið lokað frá því gjaldeyrishöft voru tekin upp.“  
(frh. á næstu síðu)*

## Magna uppfyllir öll skilyrði vegna skráningar á markað í kauphöllinni í Oslo (Børs)

- |   |  |
|---|--|
| ✓ 1. Eftirspurn eftir hlutabréfunum   | ✓ 4. Markaðsvirði félagsins nemur a.m.k. 300 milljónum norskra króna                   |
| ✓ 2. A.m.k. 200 hluthafar með yfir 10.000 norskar krónur hver og 25% hlutafjár gengur almennum kaupum og sölu | ✓ 5. Ársreikningar síðustu þriggja ára uppfylli alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFSR) |
| ✓ 3. Lágmarks eiginfjár- og lausafjárstaða  | ✓ 6. Sjálfstæð stjórn í samræmi við norskar reglur um stjórnarhætti fyrirtækja         |

## Ef ekki væri fyrir gjaldeyrishöft ætti ferlið við tvískráningu að taka skamman tíma

~3 mánuðir



# ...en vegna gjaldeyrishafta er ferlið tímafrekt og framkvæmdin flókin eða jafnvel ómöguleg

Gjaldeyrishöftin flækja verulega ferli tvískráningar. Tímaramminn lengist umtalsvert vegna samskipta við Seðlabanka Íslands sem þarf eðli máls samkvæmt að kveða upp úr um hvernig bankinn taki á vafamálum tengdum tvískráningunni.


Auk þess flækja gjaldeyrishöftin samskipti við eftirlitsaðila, þar sem viðskiptavakar þurfa að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um viðskipti innlendra aðila með hlutabréf í erlendri kauphöll.

Markaðssetning bréfanna til erlendra fjárfesta verður enn fremur flóknari þar sem útskýra þarf virkni gjaldeyrishaftanna fyrir erlendum fjárfestum.

Að lokum er ljóst að erlendir fjárfestar geta átt viðskipti á Íslandi og jafnvel fengið afslátt af krónum. Þetta skapar ójafnræði og ójafnvægi á milli hluthafa, enda geta íslenskir hluthafar ekki fjárfest erlendis.

*„Gjaldeyrishöftin leggja lamandi hönd á tvískráningu og Seðlabankanum er vorkunn að þurfa að taka afstöðu til erfiðra sérlausna sem skapa fordæmi fyrir aðra. Niðurstaðan er sú að ferlið tefst verulega og ekki er fyrir séð við upphaf þess hvernig verður tekið á þeim áskorunum sem upp geta komið. Skortur á fyrirsjáanleika og hátt flækjustig dregur úr fýsileika tvískráningar innan gjaldeyrishafta.“*

## Ferlið verður mun tímafreakara og flóknara vegna hafta



## Þau skilyrði sem Magna stendur frammi fyrir takmarka ábatann

- ✓ Viðskipti á milli kauphalla verða að fara í gegnum viðskiptavaka sem eru samþykktir af Seðlabankanum
- ✓ Íslenskir aðilar geta hins vegar átt viðskipti með krónum utan hafta í gegnum aðra miðlara sem eru ekki samþykktir af Seðlabankanum

# Ef gjaldeyrishöft verða ekki afnumin mun Magna því neyðast til að sætta sig við umtalsverðar vaxtarskorður eða flytja höfuðstöðvar úr landi


Gjaldeyrishöftin setja íslensk alþjóðafyrirtæki í mjög erfiða stöðu. Ef ekki losnar um höftin á allra næstu misserum standa þau frammi fyrir erfiðu vali.

Annar kosturinn er að halda óbreyttri starfsemi hér á landi innan gjaldeyrishafta. Fyrirtækin verða þá að sætta sig við umtalsverðar vaxtarskorður og búa sig undir að jafnt og þétt muni fjara undan samkeppnishæfni þeirra.

Hinn kosturinn er að flytja höfuðstöðvar og þar með kjarnastarfsemi fyrirtækisins úr landi. Flutningurinn myndi valda talsverðum kostnaði og fyrirhöfn á meðan á honum stæði en styrkja forsendur til vaxtar þegar horft er til lengri tíma. Ýmis fyrirtæki hafa þegar farið þessa leið að hluta eða öllu leyti.

*„Við höfðum vonast til að afnám hafta væri ofar á forgangslista stjórnvalda en raunin virðist vera. Ef ekki liggur fyrir trúverðug áætlun um afnám hafta á allra næstu misserum neyðumst við til að endurskoða framtíðaráætlanir fyrirtækisins. Við höfum siglt milli skers og báru í þau fimm ár sem höftin hafa verið við lýði – en það gengur illa til frambúðar. Auðvitað er ákvörðunin á endanum í höndum stjórnar og hluthafa, en ég tel að þolinmæðin sé á þrotum og líklegt sé að Magna þurfi að flytja höfuðstöðvar sínar ef ekkert breytist.“*

## Valkostur A: Halda óbreyttri starfsemi á Íslandi þrátt fyrir höft



Magna þarf ekki að eyða kröftum í umfangsmikla endurskipulagningu




Ytri vexti eru verulegar skorður settar vegna skerts aðgengis að fjármagni í erlendri mynt



Þar sem fyrirtækið getur ekki tekið þátt í samþjöppun á markaði mun samkeppnisstaða þess versna

## Valkostur B: Flytja starfsemi úr landi



Fyrirtækið getur fjármagnað ytri vöxt með sama hætti og keppinautar



Sveigjanleiki til samruna og yfirtöku eykst til muna



Tímabundinn kostnaður og fyrirhöfn myndi fylgja endurskipulagningu fyrirtækisins

# Samhliða afnámi gjaldeyrishafta er mikilvægt að huga að eflingu mannauðs til að skapa grundvöll fyrir auknum umsvifum stórra alþjóðafyrirtækja á Íslandi

Veikara raungengi krónunnar hefur gert innlent vinnuafli samkeppnishæfara í alþjóðlegum samanburði en áður var. Þetta skapar sóknarfæri fyrir fyrirtæki innan alþjóðageirans.

Til að forsendur séu fyrir flutningi hálaunastarfa til Íslands er ekki nóg að kostnaður vinnuafli hafi lækkað. Verðmætustu störf, sem eru jafnframt þau störf sem mikilvægast er að draga hingað til lands, krefjast réttar menntunar og reynslu.

Undanfarin ár hefur framboð af tækni- og raungreinamenntuðum einstaklingum ekki mætt eftirspurn. Á sama tíma hefur hlutfallslegt atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra farið vaxandi og því margt sem bendir til að efla mætti hlut tæknimenntunar meðal útskrifaðra.


*„Magna gæti vel hugsað sér að auka framleiðslu hérlendis, enda íslenskir tæknistarfsmenn mjög hæfir og launakostnaður þeirra samkeppnishæfur í alþjóðlegum samanburði.“*

*Það hefur þó reynst erfitt um vik vegna minna framboðs af tæknimenntuðum einstaklingum en æskilegt væri. Það er nokkuð ljóst að ef við myndum vilja stækka mikið hérlendis þyrfti að koma til verulegs átaks í tæknimenntun á Íslandi.“*

## Íslenskt vinnuafli er alþjóðlega samkeppnishæft þegar kemur að kostnaði

### Meðallaun tæknimenntaðra og sérfræðinga\*


Árslaun að meðaltali í þúsundum íslenskra króna



## Framboð af tækni- og raungreinamenntuðum hefur aftur á móti ekki mætt eftirspurn

### Útskrifaðir háskólanemar eftir námsbrautum

Prósent, 2009



# Auka mætti sveigjanleika í framboði og eftirspurn vinnuafis með auknu samstarfi hagsmunaaðila, réttum hvötum og markvissri upplýsingagjöf

## Námsframboð

- Háskólar fái atvinnulífið til liðs við sig við mótun nýrra námsbrauta sem tengjast og styðja við vaxandi atvinnugreinar
- Aukin aðkoma atvinnulífs að mótun námsskrár gæti stutt enn frekar við markmið um umbætur í námsframboði

## Hvatar nemenda


- Með því að taka upp skólagjöld á háskólastigi mætti skapa aukið jafnræði á milli atvinnugreina og hvetja nemendur til að velja arðbærar námsleiðir
- Lánasjóður íslenskra námsmanna myndi tryggja áfram að kostnaður vegna náms verði ekki aðgangshindrun

## Hvatar atvinnulífsins

- Hvetja mætti atvinnulífið til að fjármagna háskólastarf í auknum mæli með því að gera framlög þess til háskólastarfs frádráttar-bær frá skatti

## Upplýsingagjöf til nemenda

- Framkvæma mætti árlegar kannanir á atvinnuhorfum og kjörum nýútskrifaðra háskólanema eftir námsgreinum
- Niðurstöður mætti kynna námsmönnum snemma á ferlinum þannig að val á starfsvettvangi tæki mið af þeim upplýsingum





# Ennfremur getur samkeppnishæfni skattaumhverfis ráðið úrslitum um umfang og eðli innlestrar starfsemi fyrirtækja eins og Magna


Í flestum tilfellum dreifa burðug fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni starfsemi sinni á milli ólíkra hagkerfa. Þannig nýtast hlutfallslegir styrkleikar hagkerfa til að auka hagkvæmni og áhættudreifingu.

Þau svið sem skila litlum virðisauka á hvern starfsmann en krefjast mikils fjölda starfsmanna eru í flestum tilfellum staðsett í löndum þar sem launakostnaður er lágur.


Samkeppnishæfni skattaumhverfis getur ráðið miklu um það hvar mörg af þeim sviðum sem skila mestum virðisauka eru staðsett. Þrátt fyrir að aðrir hlutir spili stórt hlutverk, s.s. þjóðerni lykilstjórnenda og eigenda fyrirtækisins, hafa fá fyrirtæki efni á öðru en að byggja þetta val á rekstrarlegum forsendum.

*„Höfuðstöðvar Magna eru ennþá á Íslandi og yfirstjórn fyrirtækisins hefur haldist hérlendis að mestu. Fyrirtækjaskattar eru nokkuð samkeppnishæfir og við viljum gjarnan halda sem mestri starfsemi hér ef aðstæður bjóða upp á það. Út frá þjóðhagslegum forsendum væri skynsamlegt að reyna að draga meira af rannsóknar- og þróunarstarfi fyrirtækisins hingað til lands. Innlent skattaumhverfi hefur staðið þeirri þróun fyrir þrifum þar sem þak á endurgreiðslum eru mun lægri en víða erlendis. Af þessum sökum er aðeins um 20% af R&P starfsemi Magna á Íslandi.“*




## Segja mætti að verðmætustu störf Magna séu í yfirstjórn og R&P



## Fjöldi starfsmanna fyrirtækisins skiptist ólíkt milli landssvæða eftir sviðum




# Mörg Vestræn ríki hafa áttað sig á kostum þess að laða að rannsóknar- og þróunarstarf og hafa mótað stefnu sína í samræmi við það

Skattaívilnanir vegna rannsóknar og þróunarkostnaðar		
Hverjir geta fengið ívilnun?	Umfang ívilnana	Þak (hámark)
 <b>Ísland</b> Vottuð verkefni innan nýsköpunarfyrirtækja	20% af R&P kostnaði	100-150m.kr. (20-30m.kr. skattaafsláttur)
 <b>Noregur</b> Öll nýsköpunarfyrirtæki	18% af R&P kostnaði (20% fyrir smærri fyrirtæki)	5,5-11m. norskar krónur (1100-2.200m. íslenskar krónur)
 <b>Kanada</b> Öll nýsköpunarfyrirtæki (viðbótarívilnun fyrir fyrirtæki í kanadískri eigu)	15% af R&P kostnaði (35% fyrir smærri fyrirtæki) auk ívilnana á sveitastjórnarstigi	Ekkert þak (3m kanadadala þak á 35% endurgr. smærri fyrirtækja)

## Lágt þak veldur því að skattaívilnun vegna R&P gagnast stærri fyrirtækjum lítið

### Endurgreiðslur vegna R&P

Milljónir króna



- Rannsóknar- og þróunarstarf er meðal þeirra sviða sem fyrirtæki eiga hvað auðveldast með að færa á milli landa
- R&P getur skapað mikinn virðisauka í formi hálaunastarfa og nýrra viðskiptatækifæra. Hvort tveggja styður nýsköpun og framleiðni aukningu í hagkerfinu í heild
- Auk skattaívilnana skapa sterkir rannsóknarinnviðir, kröftugt háskólastarf og tenging við atvinnulífið frekari forsendur fyrir auknum R&P umsvifum
- Þrátt fyrir að Ísland hafi gripið til ýmissa ráðstafanna í þessum efnum þá **stendur það samanburðarlöndum talsvert að baki**

# Þegar horft er á heildarsamhengið má leiða að því líkum að afkoma hins opinbera styrkist með hagfelldum skattaramma í kringum R&P

Fyrir lífskjör á Íslandi skiptir miklu máli hversu mikill heildarvirðisauki skapast innan hagkerfisins af starfsemi fyrirtækja.

Rannsóknar- og þróunarstarf er eftirsóknarvert af þessum sökum, enda að stórum hluta vel launuð störf fyrir hámenntað fólk. Ennfremur hafa rannsóknir sýnt að R&P starf innan fyrirtækja geta haft jákvæð úthrif og virkjað frekari nýsköpun innan hagkerfisins.


Með þetta í huga hafa stjórnvöld víða boðið endurgreiðslur eða skattafrádrátt vegna kostnaðar við R&P. Hérlandis fæst 20% endurgreiðsla, með 100 m.kr. þaki á kostnaði til útreiknings endurgreiðslu. Þetta hámarksþak er talsvert lægra en víða annars staðar og því minni hvati fyrir stór fyrirtæki að auka R&P starfsemi á Íslandi.

*„Það er mat okkar hjá Magna að stjórnvöld ættu að afnema þak vegna R&P ívilnunar. Þetta mætti útfæra með þeim hætti núverandi endurgreiðslu- fyrirkomulag gildi fyrir fyrstu 100 m.kr. R&P kostnaðar, en vegna kostnaðar yfir þeim mörkum myndi reiknast frádráttur frá tekjuskatti. Þetta myndi skapa hvata fyrir fyrirtæki að halda höfuðstöðvum sínum hérlandis og samhliða styðja við aukið rannsóknar- og þróunarstarf.“*

## Hvaða áhrif myndi afnám þaks hafa á skatttekjur ríkissjóðs vegna Magna?\*


### Skattstofnar sem tekið er tillit til

Milljónir evra, 2012



- Í dag er um **20% af R&P** starfsemi Magna á Íslandi og heildarkostnaður vegna þess **5 milljónir evra**
- Skatttekjur vegna launatekna starfsmanna í R&P nema samtals **2,3 milljónum evra**
- Tekjuskattur síðasta árs var **4,5 milljónir evra**

Áhrif á heildarskatttekjur velta á því hvort aukið hlutfall R&P yrði fært til Íslands\*\*



- Fyrirtækjaskattur lækkar vissulega þegar boðið er upp á auknar ívilnanir vegna R&P vinnu.
- Aftur á móti geta **auknar ríkistekjur vegna fleiri hálaunastarfa** sem flytjast til landsins vegið þá lækkun upp að fullu

# Til framtíðar getur falist tækifæri í jákvæðri samfélagslegri ímynd Íslands fyrir alþjóðleg fyrirtæki með uppruna hérlendis


Á síðustu árum hefur orðið mikil vitundarvakning á meðal fyrirtækja um allan heim um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (e. Corporate Social Responsibility). Sífelld stærri hópur neytenda býst við því að fyrirtæki hafi markað sér stefnu í samfélagsmálum og gripið til aðgerða í samræmi við það. Þar spila umhverfismál og réttindi starfsfólks oftast stórt hlutverk.

Ísland hefur með réttu skapað sér gott orðspor á þeim sviðum. Til lengri tíma gæti þetta orðið mikill styrkleiki fyrir innlend fyrirtæki, enda mögulegt að auka sérstöðu þeirra í gegnum þessa jákvæðu ímynd.

*„Ég sé fram á að í framtíðinni munum við horfa til þess að flytja orkufreka hluta starfsemi Magna í auknum mæli til Íslands. Ástæða þess er ekki sú að við fáum sérstaklega ódýra orku heldur frekar sú að nær öll raforkuframleiðsla á Íslandi er úr „grænum“ orkugjöfum. Vaxandi umhverfismeðvitund í heiminum og mögulegir umhverfisskattar getu skipt sköpum í framtíðinni.“*




## Ísland kemur vel út í alþjóðlegum samanburði á fjölda samfélagsmælikvarða



## Nær öll orka á Íslandi kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum

### Íslensk raforkuframleiðsla GWh (2011)



# Til að forsendur séu fyrir framtíðaruppbyggingu stærri fyrirtækja, líkt og Magna, þarf að afnema gjaldeyrishöft, efla mannauð og styrkja skattaumhverfið

Eins og dæmisagan af Magna ber með sér eru ýmsar hindranir í vegi fyrir áframhaldandi uppbyggingu stórra íslenskra alþjóðafyrirtækja. Það er rík ástæða til að bregðast við þessu með markvissum hætti, enda skila fyrirtækin miklu til þjóðarbúsins. Jafnframt er ljóst að svigrúm þeirra til að flytja hluta eða alla starfsemi sína til annarra hagkerfa er mun ríkara en hjá þeim stórfyrirtækjum sem byggja á þjónustu við innlandan markað eða eru háð staðbundnum auðlindum landsins.

Viðhorf samfélagsins til þessara stærri íslenskra alþjóðafyrirtækja er jákvætt og almennur skilningur á þeim jákvæðu áhrifum sem þau hafa á hagkerfi landsins. Hins vegar þarf að skerpa á þeim þáttum sem ráða samkeppnishæfni landsins við að hýsa starfsemi slíkra fyrirtækja. Til að efla stöðu Íslands í samanburði við önnur hagkerfi þarf að afnema gjaldeyrishöft, efla mannauð og styrkja skattaumhverfið

„Ég tel í raun að uppgangur og vöxtur í starfsemi Magna á síðustu áratugum hafi verið samofin þróun viðskiptaumhverfis á Íslandi. Fyrirtækið er afsprengi þeirrar alþjóðavæðingar sem átti sér stað með opnun markaða og afnámi hafta á síðasta áratug 20. aldar. Enginn vafi leikur á því að þjóðfélagið hefur notið góðs af vexti og velgengni Magna. Ég vonast til að svo geti orðið í sem ríkustum mæli í framtíðinni en það veltur á því hvort nauðsynlegar umbætur eigi sér stað.“

## Helstu tækifæri til umbóta

- 1 **Afnema þarf gjaldeyrishöft ef stærri alþjóðleg fyrirtæki eiga að þrífast hér á landi til frambúðar**
- 2 Þar til höft eru afnumin þarf að auka gagnsæi og upplýsingaflæði um forsendur SÍ fyrir undanþágum
- 3 Auka þarf framboð af tækni- og raungreinamenntuðum
- 4 Auka þarf samstarf atvinnulífs, stjórnvalda og háskóla við mótun námsframboðs
- 5 Þak á endurgreiðslu R&D kostnaðar ætti að hækka verulega eða afnema\*
- 6 Efla þarf rannsóknarinnviði til að forsendur séu til að laða hingað R&D starfsemi í stórauðnum mæli





1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki
  - ii. Vaxtarfyrirtæki
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis**
  - v. Samantekt

# Externa\* er austurrískt samheitalyfjafyrirtæki með framleiðslu í yfir 30 löndum og sölunet enn víðar um heiminn

Saga Externa nær allt aftur til miðrar síðustu aldar þegar fyrirtækið hóf framleiðslu á lyfjum fyrir Kärnten hérað í Austurríki. Fyrir um þremur áratugum hófst verulegur vöxtur í starfsemi fyrirtækisins, fyrst innri vöxtur á innanlandsmarkaði en síðar ytri vöxtur með samruna og yfirtökum á sambærilegum fyrirtækjum á öðrum mörkuðum. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 5.000 manns í um 30 starfsstöðvum víðsvegar um heiminn. Velta þess er um 7 milljarðar dala og tekjustreymið að langmestu leyti í evrum og dollurum.

Birgitte Schulz situr í framkvæmdastjórn Externa og stýrir viðskiptaþróun þess. Birgitte hefur horft til Íslands í töluverðan tíma vegna heppilegs einkaleyfaumhverfis. Með því að koma upp rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Íslandi gæti Externa unnið að þróun, framleiðslu og markaðssetningu samheitalyfja þrátt fyrir að það sé enn verndað af einkaleyfum í flestum Evrópulöndum. Sala á lyfjunum gæti svo hafist um leið og einkaleyfi þess fellur úr gildi erlendis.

Birgitte leiðir hóp stjórnenda frá Externa sem hafa átt í viðræðum við íslensk stjórnvöld um að koma upp starfsemi á landinu. Ef aðstæður reynast ákjósanlegar áætla fyrirtækið að um 50 manns muni starfa hérlandis í starfsemi tengdri rannsóknum og þróun á lyfjum, 10 erlendir sérfræðingar og 40 íslenskir lyfjafyrirgjafar eða sambærilegir sérfræðingar. Til viðbótar fylgir verkefninu umtalsverð fjárfesting á fyrstu árum þess.

*„Externa hefur á undanförunum árum og áratugum fært sér í nyt tækifæri til þess að vaxa inn á nýja markaði. Þessi vöxtur og alþjóðavæðing fyrirtækisins hefur gert því kleift að úthýsa einingum fyrirtækisins til þeirra staða sem bjóða upp á hagstæðustu skilyrðin. Þar sem einkaleyfaumhverfi á Íslandi hentar starfsemi Externa vel hefur fyrirtækið áhuga á að kanna kosti þess að koma hluta rannsóknar- og þróunarvinnu sinnar fyrir á Íslandi. Ljóst er að skoða verður ýmsa þætti áður en til þess kemur, s.s. skattaumhverfi og regluverk. Aðgengi að sérhæfðu vinnuafla er einnig afar mikilvægt fyrir þessa starfsemi. Þá höfum við einnig velt fyrir okkur hvort og þá hvernig fjármagnshöft muni spila inn í möguleg áform okkar hér á landi.“*



Externa LLC

## Viðskiptaáætlun og helstu upplýsingar

### Viðskiptaáætlun - Ísland

Milljónir íslenskra króna	2014	2015	2016
Útgjöld	5.000	3.000	1.000
Fjárfesting	4.000	2.000	0
Launakostnaður	150	300	450
Kaup á V&P	850	700	550
Fjöldi starfsmanna	10	30	50

- **Iðnaður:** Lyfjafyrirtæki
- **Starfsstöðvar (fjöldi landa):** 32
- **Tekjur nær allar í evrum eða dollurum**
- **Mikill hluti kostnaðar R&P-útgjöld**
- **Félagið er óskráð en í nokkuð dreifðri eign**



# Hömlur á erlendri fjárfestingu og takmarkað net milliríkjasamninga draga úr samkeppnishæfni Íslands sem valkosts fyrir Externa

Þegar erlendir aðilar meta hvort heppilegt sé að setja upp starfsemi hérlandis líta þeir til fjölmargra þátta, s.s. hindranir á fjárfestingu, fjárfestingavernd, almennt hvernig sé að stunda hér viðskipti, aðgengi að erlendum mörkuðum á sviði tolla og hversu breiðu neti tvísköttunarsamninga Ísland er aðili að.


Í þessu samhengi stendur Ísland fremur illa, enda er það eitt þeirra fimm landa innan OECD sem er með mestar hömlur á erlenda fjárfestingu. Þessi staðreynd er óháð gjaldeyrishöftunum. Að einhverju leyti er unnt að veða þessa slöku ásýnd upp með þéttu neti milliríkjasamninga og skilvirkum ferlum á sviði fjárfestinga. Á því sviði þarf jafnframt að gera betur á Íslandi, s.s. með fjölgun samninga um vernd fjárfestinga og tvísköttunarsamninga við helstu viðskiptalönd Íslands. Vegna fjarlægðar frá mörkuðum og ekki síður vegna gjaldeyrishaftanna þyrfti Ísland þvert á móti að vera skrefi á undan samkeppnislöndum á þessum sviðum.

*„Ísland komst á kortið hjá Externa vegna þeirrar uppbyggingar sem hefur orðið í lyfjageiranum þar undanfarna áratugi. Þar eru og hafa verið þónokkur öflug fyrirtæki á alþjóðavísu og heilmikil þekking hefur byggst upp. Að auki er landfræðileg lega Íslands ákjósanleg með góðar tengingar til bæði vesturs og austurs. Gjalddeyrishöftin setja þó óhjákvæmilega strik í reikninginn sem og skortur á millríkjasamningum við ákveðna lykilmarkaði.“*

## Hömlur á erlenda fjárfestingu eru mjög miklar hérlandis óháð gjaldeyrishöftum

### Hömlur á erlenda fjárfestingu

(0% = engar hindranir, 100% = algjörar hindarnir)



### Samsetning hindrana á Íslandi

**Skimun (4%):** Kvaðir um tilkynningar til ráðherra og tilvist fjárfestingar-nefndar

**Eignarhald (54%):** Aðallega vegna takmarkana á fjárfestingu í sjávarútvegi, fasteignum, flugrekstri, fjölmíðlun, orkuvinnslu og orkudreifingu.

**Stjórnun og rekstur (42%):** Hér skipta jarðalögin mestu.

## Ísland stendur illa hvað varðar fjölda alþjóðasamninga en rekstrarumhverfið er einfalt

Alþjóðasamningar	Holland	Svíþjóð	Bretland	Danmörk	Sviss	Ísland
Fríverslunarsamningar	35	35	35	35	27	27
Tvísköttunarsamningar	96	76	120	75	86	43
Samningar um vernd fjárfestinga	94	69	104	55	118	9
FDI hindranir (100% = algjörar hindranir)	1,5%	5,9%	6,1%	7,2%	8,3%	16,7%*
Að eiga viðskipti (sæti)	28	14	10	5	29	13**


# Þrátt fyrir gjaldeyrishöftin telja forsvarsmenn Externa ferla við að færa fjármagn til landsins nokkuð skilvirka, en varnarorð innlendra aðila valda þeim þó áhyggjum

Heilt yfir eru ferlar við að færa erlent fjármagn til landsins nokkuð skilvirkir. Þetta er afar mikilvægt enda ljóst að höftin eru verulegt frávik frá frjálsu flæði fjármagns á alþjóðavísu og því ein og sér ríkt tilefni til ótta og tortryggni.

Nýfjárfestingarleiðin þjónar mikilvægum tilgangi enda gerir hún aðilum kleift að flytja inn fjármagn án þess að festa það í höftum. Leiðin hefur verið óbreytt frá stofnun og nýtur almennt velvildar út á markaði. Þá getur útboðsleiðin jafnframt verið álitlegur kostur, s.s. þegar fyrir séð er að arður muni ekki skapast af fjárfestingunni fyrr en eftir nokkurn tíma. Að auki eru verkefni sem stofnuð eru á grundvelli fjárfestingarsamnings við ríkið undanþegn gjaldeyrishöftum.

*„Vegna leiða Seðlabankans eru höftin ekki afgerandi fyrirstaða við áætlanir Externa, a.m.k. ekki á undirbúningsstigum verkefnisins. Verkferlar virðast slípaðir og afgreiðslutími úsættanlegur. Þó vilja innlendir aðilar meina að höftin hafi þvælst fyrir varðandi greiðslur til erlendra móðurfyrirtækja, sem væri bagalegt. Ítarlegri upplýsingar um þessi ferli myndu því tvímælalaust draga úr óvissu. Til lengri tíma geta höftin einnig haft áhrif á mögulega uppbyggingu Externa á Íslandi, enda ljóst að íslenska félagið gæti ekki verið miðstöð uppbyggingar á Norðurlöndunum, enda krefðist það fjárfestingu útfrá Íslandi. Á þessu stigi málsins hefur það þó ekki úrslitaáhrif.“*

## Erlendir aðilar geta valið tvær leiðir til að flytja fjármagn til landsins



### Nýfjárfestingarleiðin (31.10.2009)

- Hvers kyns fjárfesting sem flytur inn nýtt erlent fjármagn til landsins
- Höfuðstóll fjárfestingar og arður eru undanþegnir höftum
- Skrá þarf fjárfestingu þegar hún fer inn í landið og halda þeirri skráningu til haga þegar taka á fjármunina úr landi
- Að mestu leyti einföld og fljótleg leið sem byggir þó á trausti til varanleika hennar
- Skipt á álandsgengi

### Útboðsleiðin (50/50-leið)

- U.þ.b. 12% „afsláttur“ á krónum fæst
- Fjárfestingin er föst til 5 ára, eftir þann tíma gilda sömu lög og um aðra fjármuni innan hafta (undanþágu þarf til að færa fjármagnið út)
- Uppboð eru reglulega (5-6 vikna millibil) og umsóknarfrestur er 3 vikur
- Álitlegur kostur fyrir langtímafjárfesta sem treysta því að höftin verði afnumin innan tiltölulegra fárra ára


# Hluthafar Externa geta aðeins fengið innlenda fjárfesta til liðs við sig í gegnum verkefni fyrirtækisins hérlendis en ekki í gegnum erlenda móðurfélagið

Erlendir aðilar leita iðulega til innlendra sérfræðinga eða fjárfesta sem eru kunnugir íslenskum staðarháttum. Upp úr slíkum umleitunum getur sprottið virkt samstarf og mörg dæmi eru um að erlendir aðilar hafi óskað sérstaklega eftir því að innlendir aðilar komi með beinum hætti að fjárfestingunni. Þetta getur átt sér stað, hvort sem er með fjárfestingu í innlenda dótturfélaginu eða erlenda móðurfélaginu. Af mörgum sökum getur það þó verið heppilegri kostur fyrir innlenda aðila að tengjast erlenda móðurfélaginu, s.s. til að takmarka áhættu þeirra vegna óvissu um tekjustreymi innlenda dótturfélagsins fyrstu árin.

Til að svo geti orðið þarf hins vegar undanþáguheimild frá Seðlabankanum sem einungis er veitt ef sýnt er fram á með óyggjandi hætti að viðskiptin muni hafa bein jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð Íslands. Að afla erlendra meðfjárfesta er jafnframt torsótt undir gjaldeyrishöftum vegna þess vantrausts sem tilvist þeirra skapar. Líklegt er að ávöxtunarkrafa þeirra taki mið af því vantrausti.

*„Ein forsenda verkefnisins var að fá innlenda aðila með í hluthafahóp Externa, enda er fyrirtækið ókunnugt Íslandi. Eftir nokkra mánuði af samskiptum við Seðlabankann og viðamiklum upplýsingaskiptum féllust okkur hendur. Tíminn er mikilvægur og höfum við því ákveðið að halda áætlan okkar til streitu án innlendu aðilanna og bíða útkomu ívilnana vegna fjárfestingarsamnings sem unnið er að við stjórnvöld.“*

## Innlendir aðilar þurfa heimild frá Seðlabankanum fyrir þátttöku í verkefninu




# Þar sem rammalöggjöf um gerð fjárfestingarsamninga er runnin úr gildi er ljóst að fyrirætlanir Externa tefjast umtalsvert

Ferlið innan rammalöggjafar um gerð fjárfestingarsamninga er tiltölulega einfalt. Byrjað er á forkönnun sem felst iðulega í fundum með atvinnu- og nýsköpunarráðurneytinu (ANR), Íslandsstofu og viðkomandi sveitarfélögum, s.s. um afnot af jörðum. Samhliða er rætt við Seðlabankann og milligönguaðila vegna haftanna. Að því loknu er lögð inn formleg umsókn sem sérfræðingar rýna. Þá tekur sérstök nefnd umsóknina til afgreiðslu og mælir með eða gegn því við ráðherra að samningur sé undirritaður. Að lokum tekur ráðherra afstöðu til samningsins og leggur í einhverjum tilfellum fyrir ríkisstjórnarfund. Að þessu loknu er samningur undirritaður.

Rammalöggjöfin féll hins vegar úr gildi um áramótin og verður í fyrsta lagi tekin upp aftur þegar ESA\* hefur gefið út nýjar reglur á þessu sviði, sem áætlað er að komi út um mitt þetta ár. Mikilvægt er að ný lög tefjist ekki á Alþingi þannig að hægt sé að taka þetta ferli upp aftur. Um leið mætti endurskoða umfang ívilnana þannig að þær verði nær því sem gerist erlendis.

*„Það var óheppilegt fyrir okkur að rammalöggjöf við veitingu ívilnana hafi verið runnin úr gildi. Það er því tvennt í stöðunni. Annað hvort getum við óskað eftir sértækum fjárfestingarsamningi eða beðið í 6-12 mánuði eftir nýrri löggjöf. Reglur ESA meina Externa að hefja framkvæmdir áður en að samningur liggur fyrir og biðin því óhjákvæmileg eigi ívilnanir að fást.“*

## Í gegnum íslensku rammalöggjöfina var raunhæft að ljúka samningi innan 12 vikna








## Rammalöggjöf hefur mikil áhrif á alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands

Kostir	Gallar
<ul style="list-style-type: none"><li>Gagnsætt og skilvirkt ferli</li><li>Minni kostnaður og hentar því jafnframt fyrir minni og meðalstór fjárfestingarverkefni</li><li>Bætt samningsstaða Íslands, enda rammi ívilnana afmarkaður</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Ósveigjanleiki m.t.t. veitingu ívilnana</li><li>Fjárfestinganefnd getur stökkið inn í ferlið að eigin frumkvæði</li><li>Óvissa vegna 13 ára hámarks tímalengd á samningi</li><li>Ráðherra getur hafnað samningi óháð jákvæðri afgreiðslu ívilnananefndar</li></ul>

➤ Rammalöggjöf er skilvirkt og gott ferli við gerð fjárfestingasamninga. Þó eru gallar til staðar, en í mörgum tilfellum einskorðast þeir við útfærslu Íslands á rammalöggjöfinni

# Þegar rammalöggjöfin var enn í gildi þá var umfang ívlnana hérlendis takmarkaðra en í samkeppnislöndum

	<u>Fjárfestingastyrkir</u>	<u>Ráðningastyrkir</u>	<u>Aðrir styrkir</u>	<u>Skattaívilnanir</u>
 Ísland	✗ Nei	✗ Nei	~ Já, þjálfunarstyrkir en heimild ekki virkjuð með fjárlagaheimild. Heimild til að leigja lóðir undir markaðsverði.	✓ 18% tekjuskattur á gildistíma samnings og hagstæðari afskriftarreglur. Skattaendurgreiðsla vegna R&P, 20% af fyrstu 100-150m.kr.
 Svíþjóð	✓ Frá 10-35% af fjárfestingu	~ Undir ákveðnum skilyrðum fæst styrkur frá 40-66þ. sænskar krónur á hvert starf í 3 ár	✓ Þjálfunarstyrkir, 30-40% af kostnaði við þjálfun	✗ Nei
 Finnland	✓ Allt að 35% af fjárfestingu	✓ Allt að 45% af launakostnaði	✓ Hagstæðari fjármögnun og flutningsstyrkir	✓ Skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar sem nemur 100% af launakostnaði upp að 400þ. evrur Hagstæðari afskriftarreglur
 Írland	✓ Já, byggt á stöðu svæða og gæði starfa sem fjárfestingin skapar	✓ Allt 15þ. evrur á starfsmann, að hámarki 150þ. evrur	✓ Þjálfunarstyrkir. Auk þess vaxtaniðurgreiðslur og/eða lánaábyrgðir.	✓ Skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar, 25% umfram tiltekna grunnfjárhæð. 0% tekjuskattur fyrstu 3 ár upp að 320þ. evru hagnaði
 Litháen	✓ 3,5m. evrur hámark vegna húsnæðis, tækja og tenginga við innviði	~ Undir ákveðnum skilyrðum fæst tekjuskatts- undanþága vegna ráðninga	✓ Þjálfunarstyrkir, allt að 2,6þ. evrur á starf og 2m. evru heildarhámark	✓ 0% tekjuskattur fyrstu 6 ár og 50% afsláttur næstu 10 árin, 300% skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar og hagstæðari afskriftarreglur


# Externa getur óskað eftir sértækum fjárfestingarsamningi við ríkið en það ferli er mun óskilvirkara og frekar talið í árum en mánuðum

Aðdragandinn að gerð sértæks fjárfestingarsamnings er ekki ósvipaður aðdraganda samnings innan rammalöggjafar hvað snertir könnunarviðræður við ANR, Íslandsstofu, sveitarfélög og Seðlabankans. Lykilmunurinn liggur þó í því að gera þarf sérstakt frumvarp um væntanlegan samning. Það getur tekið umtalsverðan tíma í undirbúningi. Eins getur þingleg meðferð slíks samnings verið tímafrek og jafnvel spannað tvö löggjafarþing. Ekki er óalgengt að óútreiknanleg opinber umræða hefjist í kjölfarið þar sem trúverðugleiki erlendu aðilanna er dreginn í efa. Að auki er mögulegt að veittum ívilnunum í frumvarpi ráðherra sé breytt í meðförum þingsins.

Hægt er að óska álits ESA samhliða þinglegri meðferð en dæmi eru um að það ferli geti tekið 6-9 mánuði. Þá getur svokölluð nefnd um erlenda fjárfestingu ákveðið uppá sitt einsdæmi að rýna í fjárfestingaráætlanir einstaka aðila. Neikvætt álit nefndarinnar getur tafið ferlið enn frekar. Að lokum hefur komið þess að sérstök ráðherranefnd sé sett á laggirnar til að skoða einstaka fjárfestingu.

*„Lengd og flækjustig leiðarinnar er mjög fráhrindandi. Ennfremur benda dæmi úr fortíðinni til þess að stjórnámálamenn hafi almennar efasemdir um erlendar fjárfestingar. Við bætist óvissa um málalok sértæks samnings hjá ESA. Við hefðum því tvímælalaust kosið hefðbundinn rammisamning.“*

## Dæmi um hvernig ferli við gerð fjárfestingarsamnings gæti litið út fyrir Externa\*



Kostir	Gallar
<ul style="list-style-type: none"> <li>Sveigjanleiki m.t.t. veitingu ívilnana umfram rammalöggjöfina</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Óskilvirkni og ógagnsæi, sem lengir samningsgerð og eykur kostnað</li> <li>Hentar þar af leiðandi illa fyrir minni og meðalstóra aðila</li> <li>Engin trygging fyrir jákvæðri afgreiðslu Alþingis eða ESA</li> <li>Fjárfestinganefnd getur stökkið inn í ferlið að eigin frumkvæði</li> <li>Lakari samningsstaða Íslands enda ívilnanir ekki afmarkaðar</li> <li>13 ára hámarks gildistími þrátt fyrir að fjárfestingarverkefninu sé ætlaður umtalsvert lengri líftími</li> </ul>

# Ísland stenst illa samanburð við önnur Norðurlönd þegar kemur að almennri umgjörð fyrir erlenda sérfræðinga sem gerir Externa erfitt fyrir


Fjölmörg lönd víða um heim tekið upp ívilnanakerfi til að auðvelda fyrirtækjum að laða til sín erlenda sérfræðinga. Slíkir sérfræðingar eru ekki síður mikilvægir við tímabundna uppbyggingu einstakra fjárfestingarverkefna. Þar spila millistjórnendur í erlendum samstæðum oft lykilhlutverk og flytjast þeir þá búferlum til að leiða starfsemina fyrstu árin.

Ísland hefur ekki fetað sömu braut og nágrannaríki hvað varðar umhverfi erlendra sérfræðinga og ekki hefur verið mótuð sérstök úrræði til að mæta þörfum þeirra fjölskyldna sem hingað flytja, s.s. með starfrækslu alþjóðlegra skóla. Ferli dvalar- og atvinnuleyfa fyrir aðila utan EES-svæðisins eru tímafrek og engin vissa fyrirfram um veitingu leyfis. Í ofanálag hafa séríslenskir þættir haft neikvæð áhrif. Meðan auðlegðarskattur var við lýði dró hann úr hvata efnaðra einstaklinga til að starfa hérlendis og meðan gjaldeyrishöft eru við lýði er geta erlendir aðilar ekki flutt tekjur sínar á milli landa.

*„Þeir erlendu sérfræðingar sem nauðsynlegir eru fyrir starfsemi Externa á Íslandi eru eftirsóttir innan lyfjageirans um allan heim og því mikil samkeppni um starfskrafta þeirra. Ennfremur gerum við ráð fyrir að aðilar utan EES-svæðisins komi að uppbyggingu verkefnisins á fyrstu árunum. Ísland stendur höllum fæti hvað varðar umhverfi fyrir erlenda sérfræðinga sem setur ákveðið strik í reikninginn fyrir okkur.“*



## Umhverfi fyrir erlenda sérfræðinga er hagstæðara í nágrannaríkjum



	Danmörk	Ísland
Leyfi	Green Card Ordning er tímabundið dvalarleyfi til sérhæfðra erlendra starfsmanna.	Engin sérúrræði fyrir erlenda sérfræðinga. Afgreiðsluferli atvinnu og dvalarleyfa fer fram á tveimur aðskildum stöðum.
Skattar	Skattaívilnanir fyrstu fimm árin: 26% flatur tekjuskattur.	Engar skattaívilnanir fyrir erlenda sérfræðinga.
Skólar	Alþjóðaskólar starfræktir fyrir öll námsstig.	Lítið námsframboð á ensku. Enginn alþjóðaskóli fyrir efstu ár grunnskólastigs.

# Ef fjölga á erlendum sérfræðingum á Íslandi þarf að huga að heildarmyndinni í auknum mæli

## Viðamikil úttekt HSBC leiðir í ljós fjölbætt mat erlendra sérfræðinga á hentugleika ólíkra landa

„Ísland hefur uppá marga ákjósanlega eiginleika að bjóða fyrir erlenda aðila. Þó skortir heildstæða stefnu í þessum málum, sem hefur talsverð áhrif á fyrirtæki eins og Externa.

Það er ljóst að ýmsir þættir spila inn í ákvörðun fólks um að starfa erlendis. Til að veða upp á móti þeim vanda sem höftin skapa ættu stjórnvöld að huga að öðrum þáttum með virkum hætti.

Greitt aðgengi að alþjóðlegri menntun, virkur og aðgengilegur leigumarkaður og öflug heilbrigðisþjónusta eru til að mynda veigamiklir þættir í þessu samhengi“

### Fjárhagur



#### Tekjur

- Tekjur heimilis
- Skattar
- Ráðstöðunartekjur
- Mögulegar skattahækkunarir

#### Kaupmáttur

- Verðlag og kostnaður
- Sveiflur í húsnæðisverði
- Verðbólga

#### Staða hagkerfisins

- Atvinnuöryggi
- Staða innlenda hagkerfisins
- Staða alþjóðahagkerfisins

### Lífsgæði



#### Aðkoma

- Flækjustig við útvegum atvinnu og dvalarleyfa
- Aðgengi að hentugu húsnæði
- Aðgengi að heilsugæslu

#### Aðlögun

- Tungumál
- Myndun félagslegra tengsla
- Tenging við land og þjóð

#### Lífsgæði

- Félagslíf
- Jafnvægi vinnu og einkalífs
- Veður, matur, menning

### Fjölskylduumhverfi



#### Menntun

- Tilvist alþjóðaskóla á öllum stigum menntunar
- Gæði skólakerfisins (staða í PISA-könnun)
- Kostnaður við skólagöngu

#### Heilsa

- Gæði heilbrigðiskerfisins
- Aðgengi að heilbrigðisþjónustu
- Heilsusamlegt umhverfi (s.s. mengunarstig og hreinleiki vatns)


#### Upplifun

- Öruggt umhverfi
- Aðlögun og myndun félagslegra tengsla



# Viðhorf gagnvart erlendri fjárfestingu mótast gjarnan af hentistefnu og tortryggni, þrátt fyrir jákvæð heildaráhrif þeirra á líf skjör til lengri tíma

## Ísland ætti að vera áhugaverður kostur fyrir erlenda fjárfesta



*“Capital from international players has a role to play in supplementing domestic venture capital and, everything else being equal, intelligent international risk capital should have good reason to be interested in investments in core sectors of the Icelandic economy. However, many of international investors have turned away due to unpredictable regulation and a complicated capital controls regime.”*

## Hins vegar virðist gæta almennrar tortryggni í garð erlendra fjárfesta

*„Starfshópurinn gat ekki fundið heimildir um mælingar á viðhorfum Íslendinga til erlendra fjárfesta en viðmælendur starfshópsins í atvinnulífi og stofnunum tala um almenna tortryggni gagnvart erlendum fjárfestum. Þeir benda á að skýringin á tortryggni kunnri að vera sú ranghugmynd að hagnaður erlendra fjárfesta hljóti að vera tilkominn fyrir tap íslenskra aðila. Erlendir aðilar geri þannig „innrás“ á íslenskan markað og íslenskar auðlindir, sem er talið neikvætt. Fjárfestingar Íslendinga erlendis eru hins vegar jákvæð „útrás“.“*

- Skýrsla ráðgjafahóps iðnaðarráðherra, Tillögugerð um stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu

## Flókið stofnanumhverfi endurspeglar þá tortryggni

### Löggjöf

- Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991
- Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966
- Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga nr. 99/2010

### Stjórnar-ráðið

- Atvinnuvegaráðuneytið og ráðherra
- Iðnaðarráðuneytið og ráðherra
- Ríkisstjórn
- Ívilnananefnd
- Nefnd um erlenda fjárfestingu
- Handahófskenndar ráðherranefndir og nefndir um endurskoðun tengdra laga

### Alþingi og alþjóðlegar stofnanir

- Skrifstofa Alþingis
- Þingnefndir
- Þingmenn, s.s. í gegnum fyrirspurnir
- Eftirlitsstofnun EFTA

### Stofnanir, sveitarfélög og aðrir

- Skipulagsstofnun og umsagnaraðilar
- Ríkisskattstjóri
- Sveitarfélög og landshlutafélög, auk NMÍ
- Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun
- Íslandsstofa
- Orkufyrirtæki

# Forsvarsmenn Externa telja að stöðugleiki og markviss langtímastefna um erlendar fjárfestingar myndi styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum

Ísland hefur vissa styrkleika sem fjárfestingarkostur fyrir erlenda aðila. Af þessari dæmisögu um Externa má hins vegar greina að þeir kostir falla í skugga mikilla hindrana á erlendri fjárfestingu og skorti á heildstæðri stefnu og stöðugleika í málaflokknum.

Sá skortur endurspeglast m.a. í flóknu umhverfi fjárfestingarverkefna, hlutfallslega miklum hindrunum á erlenda fjárfestingu, skorti á milliríkjasamningum og lakara umhverfi fyrir erlendra sérfræðinga en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Gjaldeyrishöftin bæta svo gráu ofan á svart.

Segja mætti að þessi staða endurspegli þá almennu tortryggni sem virðist vera ríkjandi í garð erlendra fjárfesta hérlandis og merkja má í almennri umræðu sem og inni á Alþingi. Þetta er reyndin þrátt fyrir augljósan ábata erlendar fjárfestingar. Ennfremur hefur fjöldi tillagna um mögulegar umbætur legið fyrir í nokkurn tíma en svo virðist sem pólitískan vilja hafi skort til að hrinda þeim í framkvæmd.

*„Ísland hefur alla burði til þess að laða að stór og ábatasöm fjárfestingarverkefni erlendis frá. Það er því miður að umgjörðin sé ekki betri. Það er mikilvægt að hafa í huga að veruleg samkeppni ríkir á milli þjóða um starfsemi hugvitsdrijinna fyrirtæki líkt og Externa. Fyrir Ísland liggur því á að ráðamenn innleiði breytt og bætt verklag, bæði í orði og á borði.“*

## Helstu tækifæri til umbóta í íslensku umhverfi vaxtarfyrirtækja

- 1 **Draga markvisst úr hömlum á erlenda fjárfestingu og koma Íslandi þannig á sama stall og nágrannaríkin**
- 2 Afnám hafta myndi auka trúverðugleika hagkerfisins og liðka fyrir erlendri fjárfestingu
- 3 Fjölga gerð milliríkjasamninga við mikilvæg viðskiptalönd
- 4 Bæta almennt upplýsingaflæði til erlendra aðila um ferla innan gjaldeyrishafta
- 5 Endurskoða rammalöggjöf um erlenda fjárfestingu og færa umfang ívilnana nær því sem gerist víða erlendis
- 6 Þar til höft eru afnumin þarf að auðvelda þátttöku innlendra aðila í fjárfestingaverkefnum á vegum erlendra aðila
- 6 Bæta almennt stoðkerfi erlendra sérfræðinga, s.s. með skattalegum ívilnunum og skilvirkara leyfisferli



1. Um alþjóðageirann og mikilvægi hans
2. Almennar forsendur fyrir eflingu alþjóðlegrar starfsemi
- 3. Umhverfi alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – Dæmisögur**
  - i. Sprotafyrirtæki
  - ii. Vaxtarfyrirtæki
  - iii. Stærri íslensk fyrirtæki
  - iv. Innlend starfsemi alþjóðafyrirtækis
  - v. Samantekt**

# Þrjú þættir skera sig úr þegar horft er til tækifæra og áskorana hjá fyrirtækjum í alþjóðlegum rekstri á Íslandi

## 1) Krónan og gjaldeyrishöft



- Staða peningamála er **stærsta hindrun uppbyggingar** alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi
- Örmynt líkt og krónan mun alltaf gera íslenskum alþjóðafyrirtækjum erfitt um vik en með gjaldeyrishöft til staðar er **framtiðar-grundvöllur vaxtar nær enginn**

## 2) Tækifæri í mannauði




- Gæði mannauðs hefur **styrkt grundvöll** fyrir alþjóðlegri starfsemi á Íslandi
- Tryggja þarf að hæft vinnuafli sjái framtíð sinni best borgið hérlandis og **efla mannauð enn frekar** með aukinni fjárfestingu í rannsóknum, háskólamenntun og nýsköpun

## 3) Viðhorf til breytinga



- Viðhorf Íslendinga til **erlendra fjárfestinga og samkeppnis-rekstrar** stangast gjarnan á við nauðsynlegar forsendur til uppbyggingar alþjóðageirans
- Til að alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki geti vaxið og dafnað á Íslandi þarf **hugrekki og framsýni** til að mæta nauðsynlegum breytingar

# 1. Smæð íslensku krónunnar mun alltaf standa alþjóðageiranum fyrir þrifum, en að viðbættum gjaldeyrishöftum verða forsendur til vaxtar nær engar



- Þótt gjaldeyrishöft dragi ekki úr fjölda viðskiptahugmynda þá fækka þau sprotum, enda er í mörgum tilfellum **skynsamlegra að stofna fyrirtækin erlendis**
- Lítil og óstöðug mynt dregur úr fjölda þeirra fyrirtækja sem komast á vaxtarstig. Þessi **afföll aukast verulega með gjaldeyrishöftum** þar sem aðgengi að fjármagni skerðist enn frekar
- Forsendur þess að byggja upp stórfyrirtæki í hagkerfi með örmynt eru veikar. **Með gjaldeyrishöft við lýði verður það nær ómögulegt** vegna takmarkana á fjárfestingu erlendis

## 2. Samkeppnishæft vinnuafli hefur viðhaldið umsvifum alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi – en betur má ef duga skal



### Bætt skattaumhverfi

- **Lægri og einfaldari skattar** auka líkur á því að hæft vinnuafli sjái hag sínum best borgið á Íslandi
- Til að **draga að erlenda sérfræðinga** í ríkari mæli þarf að innleiða sambærilega hvata og í nágrennaríkjum okkar

### Fjárfesting í menntun

- Í alþjóðlegum samanburði verja Íslendingar **miklum fjármunum** í menntamál
- Fjármagnið þarf að nýta með skilvirkari hætti og beina auknu hlutfalli þess í **rannsóknir og háskólanám**

### Aðlaðandi framtíðarsýn

- Fyrir ungt fólk skiptir núverandi staða mála ekki öllu máli heldur **hvað framtíðin ber í skauti**
- Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að teikna **skýra og aðlaðandi framtíðarsýn** til að koma í veg fyrir að ungt fólk leiti annað

### 3. Stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur þurfa að vera tilbúin að hoppa út í djúpu laugina til að njóta ávinnings alþjóðlegrar starfsemi til fulls



#### 1 Viðhorf til þátttöku erlendra aðila

- Íslendingar vilja geta sótt inn á erlenda markaði en á sama tíma erum við ekki nægjanlega opin fyrir því að hingað komi erlend fyrirtæki, starfsmenn og fjárfesting

#### 2 Viðhorf til áhættu og arðsemi


- Nýsköpun og alþjóðlegri samkeppni fylgir áhætta. Til að hvetja frumkvöðla og fjárfesta til að taka þá áhættu þarf viðhorf til atvinnurekstrar og arðsemi að taka breytingum

#### 3 Viðhorf til breytinga

- Til að íslenskt rekstrarumhverfi sé alþjóðlega samkeppnishæft þarf að skapa stjórn mála- og samfélagslega sátt um breytingar á skattaumgjörð, afnám viðskiptahindrana og aukna fjárfestingu í nýsköpun



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE



*Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs*